

FEBRÚAR 2021

**TILKYNNING UM SAMEIGINLEG YFIRRÁÐ
ALFA HF., SF VII EHF. OG ELDEYJAR HOLDCO EHF.
YFIR KYNNISFERÐUM EHF., ELDEY TLH HF. OG
DÓTTURFÉLÖGUM ÞEIRRA**

SAMRUNASKRÁ

Skrá þessi er tekin saman af BBA Fjeldco ehf. fyrir hönd Alfa hf., SF VII ehf., Eldeyjar HoldCo ehf., BBL 144 ehf., Kynnisferða ehf. og Eldeyjar TLH hf.

Skráin er tekin saman í samræmi við ákvæði 5. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005 (hér eftir „**skl.**“ eða „**samkeppnislög**“) og reglur nr. 1390/2020 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum og viðauka I við þær. Framsetning upplýsinga er í samræmi við nefndan viðauka I við reglur nr. 1390/2020.

Skránni er eingöngu ætlað að vera til afnota fyrir Samkeppniseftirlitið (hér eftir nefnt **SE**). Óskað er eftir því að farið verði með upplýsingar sem auðkenndar eru með hornklofa og fylgiskjöl (þ.m.t. hjálagðan kaupsamning) sem trúnaðarmál sbr. 17. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 16. gr. málsmeðferðarreglna Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005, hvort sem er á milli samrunaaðila sjálfra eða út á við, vegna viðskiptalegs eðlis þeirra og hagsmuna aðila. Þá er jafnframt sent meðfylgjandi afrit án trúnaðarupplýsinga. Kjósi Samkeppniseftirlitið að setja sig í samband við viðskiptavini og birgja samrunaaðila í tengslum við rannsókn þess samruna sem hér er tilkynntur, óska samrunaaðilar eftir því að tengiliður þeirra fái upplýsingar um það samhliða vegna viðkvæms eðlis viðskiptasambanda og mikilvægi þessara sambanda í rekstri samrunaaðila.

Allar upplýsingar sem veittar eru í skrá þessari eru réttar og fullnægjandi eftir bestu vitund samrunaaðila.

EFNISYFIRLIT

Kafli 1	Stutt lýsing samruna	1
Kafli 2	Grunnupplýsingar um samrunaaðila	1
Kafli 3	Upplýsingar um samrunann.....	2
Kafli 4	Eignarhald og yfirráð.....	5
Kafli 5	Persónuleg og fjárhagsleg tengsl og fyrri yfirtökur.....	9
Kafli 6	Skilgreiningar á mörkuðum.....	10
Kafli 7	Upplýsingar um markaði þar sem áhrifa gætir	18
Kafli 8	Almenn skilyrði á mörkuðum þar sem áhrifa gætir	25
Kafli 9	Áhrif á neytendur og milliliði	29
Kafli 10	Yfirlýsing.....	29
Kafli 11	Fylgiskjöl.....	31

KAFLI 1

STUTT LÝSING SAMRUNA

Samruninn varðar breytingu á yfirráðum í Kynnisferðum ehf., Eldey TLH hf. og dótturfélögum þeirra. Verði samruninn samþykktur mun BBL 144 ehf., sem er félag undir sameiginlegum yfirráðum Alfa hf., SF VII ehf. og Eldeyjar HoldCo hf. eiga allt hlutafé í Kynnisferðum ehf., dótturfélögum þess og Eldey TLH hf., ásamt því að eiga meirihluta hlutafjár í Arcanum fjallaleiðsögumönnum ehf., Logakór ehf. og Sportköfunarskóla Íslands ehf. Samrunaaðilar starfa við ferðatengda þjónustu og selja einkum dags- og lengri ferðir sem þau framkvæma fyrir eigin reikning. Tilgangur samrunans er að ná fram samlegðaráhrifum og auka hagkvæmni í rekstri samrunaaðila sem sinna ferðaþjónustu og styrkja þá aðila og gera þá betur í stakk búna að takast á við sveiflur í rekstri og erfiðleika, en helstu áskoranir sem blasa við fyrirtækjum í ferðaþjónustu hér á landi, og í raun um heim allan, má rekja með einum eða öðrum hætti til heimsfaraldurs Covid-19 og áhrifa hans á ferðaþjónustu og hagkerfið í heild sinni.

KAFLI 2

GRUNNUPPLÝSINGAR UM SAMRUNAÐILA

2.1 Aðilar samrunans

Aðilar samrunans eru eftirfarandi aðilar:

- (1) **Alfa hf.**, kt. 450698-2969, Klettagörðum 12, 104 Reykjavík („**Alfa**“);
- (2) **SF VII ehf.**, kt. 631214-1850, Borgartúni 19, 105 Reykjavík („**SF VII**“);
- (3) [**Eldey HoldCo ehf.**]¹, kt. 631120-0670, Hagasmára 3, 201 Kópavogi („**Eldey HoldCo**“);
- (4) **BBL 144 ehf.**, kt. 640920-0410, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík (hér eftir nefnt „**BBL**“);
- (5) **Kynnisferðir ehf.**, kt. 501006-0250, Klettagörðum 12, 104 Reykjavík (hér eftir nefnt „**Kynnisferðir**“);
- (6) **Eldey TLH hf.**, kt. 470715-0650, Hagasmára 3, 201 Kópavogi (hér eftir nefnt „**Eldey**“);

Saman kann að vera vísað til Alfa, SF VII, Eldeyjar HoldCo, BBL, Eldeyjar og dótturfélaga og Kynnisferða og dótturfélaga sem „**aðila**“ eða „**samrunaaðila**“.

2.2 Starfsemi samrunaaðila

- (1) BBL er eignarhaldsfélag sem sérstaklega var stofnað í tengslum við viðskiptin til þess að kaupa allt hlutafé í Kynnisferðum og Eldey auk þess að kaupa minniháttar hlut beint í Arcanum fjallaleiðsögumönnum ehf. („**Arcanum**“) og Logakór ehf. („**Logakór**“).
- (2) Eldey sinnir fjárfestingum í afþreyingargeira ferðaþjónustunnar. Dótturfélög þess Arcanum, Logakór og Sportköfunarskóli Íslands ehf. („**Dive**“) stunda ferðatengda þjónustu og starfa á markaði fyrir heild- og smásölu á skipulögðum ferðum fyrir ferðamenn hérlandis. Eldey á einnig hlut í Norðursiglingu hf. en sá eignarhlutur verður færður til Eldeyjar HoldCo fyrir uppgjör viðskiptanna. Þá á félagið 20% hlut í Íslenskum heilsulindum ehf.

¹ Félagið var stofnað sem BBL 151 ehf. en nafni þess og félagaformi verður breytt áður en kemur að lúkningu viðskiptanna.

- (3) Kynnisferðir er eignarhaldsfélag utan um hluti í Hópþifreiðum Kynnisferða ehf., Bílaleigu Kynnisferða ehf., Almenningsvagna Kynnisferða ehf., Garðakletts ehf., Klettagarða 12 ehf., Umferðarmiðstöðvarinnar ehf. og Ferðaskrifstofu Kynnisferða ehf., („**Ferðaskrifstofa Kynnisferða**“) sem stundar ferðatengda þjónustu og starfar á markaði fyrir heild- og smásölu á skipulögðum ferðum fyrir ferðamenn hérlandis.

2.3 Tengiliður

Tengiliður samrunaaðila gagnvart Samkeppniseftirlitinu vegna samrunans er:

Einar Baldvin Árnason, lögmaður hjá BBA//Fjeldco
Höfðatorg, 19. hæð, 105 Reykjavík
Sími: 550-0518 // 863-8990
Netfang: einarbaldvin@bbafjeldco.is

KAFLI 3

UPPLÝSINGAR UM SAMRUNANN

3.1 Upplýsingar um aðdraganda samrunans

Formlegar viðræður hófust á milli samrunaaðila í byrjun mars 2020 þegar ljóst var að heimsfaraldur Covid-19 myndi hafa mikil og neikvæð áhrif á ferðaþjónustu hérlandis. Samrunaaðilar stóðu frammi fyrir því að þurfa að endurgreiða viðskiptavinum sínum mikinn fjölda af þegar bókuðum ferðum og mikil óvissa ríkti um komandi mánuði. Þeim var veitt tímabundið skjól frá kröfuhöfum (lánveitendum, leigusölum, váttryggjendum o.fl.) í upphafi þess samdráttar sem rekja má til yfirstandandi heimsfaraldurs Covid-19 og þurfa þeir áfram að reiða sig á sveigjanleika og samkomulag við þá aðila. Enn er óljóst hversu langvarandi áhrif heimsfaraldursins verða og hvernig rekstrarumhverfið verður á komandi misserum.

Þann 27. mars 2020 undirrituðu samrunaaðilar samkomulag um helstu skilmála kaupsamnings, sbr. fylgiskjal 3 við samrunatilkynningu þessa. Upphaflega var gengið út frá því að viðskiptin færu þannig fram að Kynnisferðir yrði kaupandi að Arcanum, Logakór og Dive („**Eldeyjar-félögin**“) og kaupverðið yrði greitt með hlutafé í Kynnisferðum. Hins vegar var fallið frá þeirri skipan viðskiptanna og í staðinn var ákveðið að stofna nýtt félag, BBL, í þeim tilgangi að verða kaupandi Kynnisferða og Eldeyjar-félaganna. Munu hluthafar samrunaaðilanna fyrir viðskiptin, þ.e. Alfa, SF VII og Eldey HoldCo í sameiningu stuðla að frekari vexti samrunaaðilanna en þau verða áfram rekin sem sjálfstæð félög innan samstæðu BBL. Þess má geta að upphaflega var ráðgert að eignarhlutar Eldeyjar í Saga Travel ehf. og Norðursiglingu hf. yrðu hluti af viðskiptunum en það gekk ekki eftir þar sem Saga Travel hefur verið úrskurðað gjaldþrota og Norðursigling gengur um þessar mundir í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu.

3.2 Tilgangur og markmið samruna

Þar sem rekstur samrunaaðila hefur legið í nánast algjörum dvala frá því í mars árið 2020 eiga þeir á brattann að sækja og telja þeir að samruninn sé mikilvægt skref í því að tryggja áframhaldandi rekstrarhæfni. Ófyrirséð er hversu langvinn áhrif heimsfaraldurs Covid-19 verða á ferðaþjónustu hérlandis, en ljóst er að staða samrunaaðila er þröng og verður það áfram næstu misserin. Helsta markmið viðskiptanna er að ná fram samlegðaráhrifum sem skila munu sér í hagræðingu í rekstri þeirra samrunaaðila sem starfa á sviði ferðaþjónustu og styrkja stoðir þeirra þannig að tryggja megi áframhaldandi rekstrargrundvöll samrunaaðila í því mikla óvissuástandi sem nú ríkir.

3.3 Eðli samrunans

Verði samruninn samþykktur, mun hann fara fram með eftirfarandi hætti:

- (1) BBL mun kaupa allt hlutfé í Eldey, 14,88% hlut í Arcanum og 18% hlut í Logakór af Eldey HoldCo o.fl., skv. kaupsamningi dags. 16. desember 2020.
- (2) BBL mun kaupa allt hlutfé í Kynnisferðum og dótturfélögum þess af Alfa og SF VII skv. kaupsamningi dags. 16. desember 2020.
- (3) Alfa, SF VII og Eldey HoldCo undirrita þegar samþykkt drög að hluthafasamkomulagi um meðferð hlutafjáreignar í BBL.

BBL mun til frambúðar starfa sem efnahagseining undir sameiginlegum yfirráðum Alfa, SF VII og Eldeyjar HoldCo. Í tengslum við viðskiptin munu hluthafar BBL gera með sér hluthafasamkomulag, sem nánar er vikið að í kafla 3.3.1, sem hefur m.a. þau áhrif að Alfa, SFVII og Eldey HoldCo teljast fara sameiginlega með yfirráð í BBL og dótturfélögum þess.

[Trúnaðarmál].²

Rétt er að halda til haga að í viðskiptunum felst ekki samruni í félagaréttarlegum skilningi heldur má rekja breytingu á yfirráðum til kaupa á hlutfé, sbr. c. liður 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samruninn er ekki kominn til framkvæmda, enda er uppgjör viðskiptanna háð (i) samþykki Samkeppniseftirlitsins eða (ii) undanþágu Samkeppniseftirlitsins frá því að samruninn komi ekki til framkvæmda á meðan Samkeppniseftirlitið fjallar um hann, sbr. 4. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga.

3.3.1 Hluthafasamkomulag um sameiginleg yfirráð í BBL³

Samhliða undirritun kaupsamninga á milli aðila gerðu hluthafar BBL, þ.e. Alfa, SF VII, Eldey HoldCo og aðrir smærri hluthafar, með sér hluthafasamkomulag (fylgiskjal 4), sem verður undirritað við afhendingu hlutanna. [Trúnaðarmál].

3.3.2 Mikilvægir áfangar

Samruninn er háður tilteknum skilyrðum sem fram koma í fylgiskjöllum 5 og 6 í kaupsamningunum. [Trúnaðarmál].

Meðal þeirra skilyrða sem sett eru fyrir viðskiptunum er að Samkeppniseftirlitið heimili viðskiptin án verulega íþyngjandi skilyrða að mati aðila. [Trúnaðarmál].

3.3.3 Opinber fjárhagsaðstoð

Samrunaaðilar hafa, eða gera ráð fyrir að þeir munu, taka við eða nýta sér ýmis úrræði stjórnvalda vegna áhrifa sem heimsfaraldur Covid-19 hefur haft á rekstrarumhverfi og afkomu fyrirtækja í landinu. Þau úrræði teljast þó ekki opinber fjárhagsaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Til fyllingar gera samrunaaðilar þó grein fyrir þeim úrræðum stjórnvalda sem þeir hafa nýtt sér undanfarin misseri vegna áhrifa heimsfaraldurs Covid-19.

[Trúnaðarmál].

² Kaupsamningarnir og efni þeirra eru trúnaðarmál.

³ Hluthafasamkomulag og efni þess eru trúnaðarmál.

3.4 Atvinnuvegir sem samruninn nær til

Samruninn nær til ferðapjónustunnar og starfsemi samrunaaðila skarast einkum á markaði fyrir heild- og smásölu á skipulögðum ferðum fyrir ferðamenn hérlandis. Frekari upplýsingar um starfsemi hvers samrunaaðila má finna í 4. kafla. Þá má finna markaðsskilgreiningar og upplýsingar um markaðsleg áhrif samrunans í 4. og 5. kafla samrunatilkynningar þessarar.

3.5 Kaupverð hins keypta

[Trúnaðarmál].

3.6 Velta

[Trúnaðarmál].

Framangreindar veltutölur eru fengnar úr ársreikningum samrunaaðila og samstæðufélaga þeirra og sýna veltu ársins 2019. Ársreikningarnir fyrir árið 2019 og 2018 eru fylgiskjöl með samrunaskrá þessari.

Veltutölur samrunaaðila fyrir reikningsárið 2020 koma fram í töflu í kafla 7.3. Með vísan til þess að reikningsárinu er nýlukið, og uppgjör hefur ekki farið fram eru þær fjárhæðir sem þar koma fram afhentar með þeim fyrirvara og skulu því skoðast í því ljósi.

3.7 Ávinningur samruna

Ferðapjónustan hefur verið ein helsta útflutningsgrein Íslands á síðustu árum. Greinin stendur nú frammi fyrir tveimur meiriháttar áskorunum. Hina fyrri má rekja til heimsfaraldurs vegna útbreiðslu Covid-19. Hin síðari er of hátt verðlag vegna skorts á samkeppnishæfni. Markaður fyrir ferðapjónustu hér á landi óx með miklum hraða á síðasta áratug og fjölmargir aðilar hafa bent á að hagræðing þurfi að eiga sér stað innan ferðapjónustunnar. Fyrirtækin eru einfaldlega of mörg og nýta mannauð og framleiðsluþætti ekki með nægilega hagkvæmum hætti. Þar af leiðandi er mikil ógn af samkeppni annarra ríkja um ferðamenn. Til að bregðast við þessu séu sameiningar nauðsynlegar.


Fyrirsjáanlegur ávinningur samrunans til skemmri tíma litið er að gera dótturfélög samrunaaðila reiðubúin til að mæta eftirspurn ferðamanna þegar núgildandi ferðatakmarkunum verður aflétt. Bólusetning gegn Covid-19 er þegar hafin um allan heim og áætlanir gera ráð fyrir því að rekstur ferðapjónustufyrirtækja taki við sér af krafti í sumar. Gæði, öryggi og sóttvarnarráðstafanir munu líklega skipta miklu máli fyrst um sinn og þar stöndum við Íslendingar framarlega. Hið eiginlega bókunartímabil fyrir sumarið er þegar hafið en óvissa ríkir um komandi mánuði vegna stöðunnar. Því er ekki ólíklegt að bókunartímabil sumarsins, sem er hið hefðbundna háannatímabil ferðapjónustunnar, verði með öðru sniði í ár en önnur ár. Mikilvægi ferðapjónustunnar fyrir þjóðarbúið og heimilin í landinu er ótvírætt og því mikilvægt að ferðapjónustufyrirtæki standi klár með rekstarhæfa starfsemi þegar markaðir glæðast á ný. Samrunaaðilar telja samrunann forsendu fyrir sinni viðspyrnu og afar brýnt að hann komist til framkvæmda sem allra fyrst.⁴

Til lengri tíma litið mun samruninn gera ferðapjónustufyrirtækin, sem samruni þessi varðar, betur í stakk búin til að takast á við aukna samkeppni og verja sig gegn sveiflum í rekstri og rekstrarumhverfinu, sér í lagi sveiflum á gengi krónunnar. [Trúnaðarmál].

⁴ Fjárhagsgreining KPMG – Staða íslenskrar ferðapjónustu í árslok 2019, aðgengilegt á:

<https://assets.kpmg/content/dam/kpmg/is/pdf/2020/12/Fjarhagsgreining-Stada-ferdathjonustufyrirtækja-2019.pdf>

KAFLI 4 EIGNARHALD OG YFIRRÁÐ



4.1 BBL

BBL er einkahlutafélag sem sérstaklega var stofnað í tengslum við viðskiptin sem samrunatilkynning þessi varðar til þess að kaupa allt hlutafé í Kynnisferðum og Eldey auk þess að kaupa minniháttar hlut beint í Arcanum og Logakór. Tilgangur félagsins í dag er kaup, sala, rekstur, eignarhald og leiga fasteigna og hvers kyns lausafjár, eignarhald, kaup og viðskipti með fjármálagerninga og hver kyns önnur fjárhagleg verðmæti, lánastarfsemi og skyldur rekstur. Fyrir lúkningu viðskiptanna verður tilgangi félagsins breytt þannig að hann vísi til eignarhalds og reksturs félaga í ferðaþjónustu.

Við undirritun kaupsamningsins er BBL í eigu Alfa, SF VII og Eldeyjar HoldCo, sem samanlagt eiga allt hlutafé í BBL. Frá undirritun kaupsamninganna og fram að uppgjördsdegi verður eini tilgangur BBL sá að framfylgja ákvæðum kaupsamninganna og verða engar rekstrarlega ákvarðanir teknar í félaginu fyrir uppgjörsdag, sbr. grein 2.6 í kaupsamningunum sbr. fylgiskjöl 1 og 2. [Trúnaðarmál].

4.1.1 ALFA

Alfa er eignarhaldsfélag og er tilgangur félagsins kaup, sala og eignarhald á verðbréfum og fasteignum, heildsala og smásala, ásamt lánastarfsemi tengdri rekstrinum og annar skyldur rekstur. Alfa er í eigu 29 hluthafa. [Trúnaðarmál].

Fyrir samrunann á Alfa 65% hlutafjár í Kynnisferðum, auk félaga sem tilgreind eru í viðauka 1 við tilkynningu þessa.

4.1.2 SF VII

SF VII er einkahlutafélag undir yfirráðum framtaksfjárfestingarsjóðsins SÍA II slhf., kt. 550512-2620, Borgartúni 19, 105 Reykjavík. Tilgangur félagsins er kaup, sala, rekstur, eignarhald og leiga fasteigna og hvers kyns lausafjár; eignarhald, kaup og viðskipti með fjármálagerninga og hvers kyns önnur fjárhagsleg verðmæti, lánastarfsemi og skyldur rekstur. [Trúnaðarmál].

SÍA II hefur gert samninga um eignastýringu, ráðgjöf og vörslu við Stefni hf. Fyrir samrunann á SF VII 35% hlutafjár í Kynnisferðum. SF VII gerir ráð fyrir að gildandi sátt SF VII, Stefni og Samkeppniseftirlitsins falli úr gildi gangi viðskiptin eftir.⁵

4.1.3 Eldey HoldCo

Eldey HoldCo er nýstofnað eignarhaldsfélag utan um hluti í Eldey. Yfirfærsla hluta í Eldey til Eldeyjar HoldCo er í ferli og mun eiga sér stað skömmu eftir afhendingu á tilkynningu þessari. Tilgangur Eldeyjar HoldCo er fyrst og fremst að halda á hlutum í BBL í kjölfar viðskiptanna en auk þess mun Eldey HoldCo halda á hlutum í Norðursiglingu hf. og tilteknum skuldabréfum og öðrum kröfuréttindum á hendur núverandi dótturfélögum Eldeyjar.

Eldey HoldCo er í eigu fimm lífeyrissjóða, Íslandsbanka hf., Íslenskrar fjárfestingar ehf. og annarra fjárfesta sem fjárfestu í félaginu í gegnum einkabankapjónustu Íslandsbanka hf. [Trúnaðarmál].

4.1.4 Eldey

Eldey er hlutafélag sem sinnir fjárfestingum í afþreyingargeira ferðapjónustunnar. Tilgangur félagsins er eignarhald og rekstur félaga í ferðapjónustu, eignaumsýsla, fjárfestingar og rekstur félaga með skylda starfsemi, lánastarfsemi, kaup og sala eigna og annar skyldur rekstur.

Eldey er í eignastýringu og vörslu hjá Íslandssjóðum hf. en gangi viðskiptin eftir mun samningur um stýringu eignarsafns félagsins falla úr gildi með vísan til samkomulags um lok samnings um eignastýringu, dags. 10. nóvember 2020. Gangi viðskiptin eftir gerir Eldey ráð því fyrir að gildandi sátt Eldeyjar, Íslandssjóða og Samkeppniseftirlitsins falli úr gildi⁶.

[Trúnaðarmál].

Fyrir samrunann á Eldey á eignarhlut í eftirtöldum félögum:

- 85,12% hlutafjár í Arcanum fjallaleiðsögumönnum ehf., kt. 680203-2370, með lögheimili að Stórhöfða 33, 110 Reykjavík (hér eftir nefnt „**Arcanum**“);
- 62% hlutafjár í Logakór ehf., kt. 421018-040, með lögheimili að Stórhöfða 33, 110 Reykjavík (hér eftir nefnt „**Logakór**“);
- 51,04% hlutafjár í Sportköfunarskóla Íslands ehf., kt. 681116-1250, með lögheimili að Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík (hér eftir nefnt „**Dive**“); og
- 43,31% hlut í Norðursiglingu hf., kt 590496-2789, Hafnarstétt 9, 640 Húsavík;
- 20% hlutafjár Íslenskar Heilsulinda ehf.
(í samrunatilkynningu þessari eru Eldey, Arcanum, Logakór og Dive sameiginlega nefnd „**Eldeyjar-félögin**“)

A. Arcanum

Arcanum er einkahlutafélag sem varð til við sameiningu fjögurra fyrirtækja á sviði fjalla- og jöklaferða árið 2018, en þar á meðal voru Íslenskir Fjallaleiðsögumenn (stofnað 1994) og Arcanum Ferðapjónusta (stofnað 2003). Tilgangur félagsins er rekstur ferðapjónustu, fjalla- og jöklaferðir, sala á gistingu ásamt

⁵ Vísað er til sáttar sem aðilar gerðu við Samkeppniseftirlitið í tilefni af ákvörðun SE nr. 22/2015 *Kaup SF VII slhf. á hlut í Kynnisferðum hf.*

⁶ Vísað er til sáttar sem aðilar gerðu við Samkeppniseftirlitið í tilefni af ákvörðun SE nr. 44/2017 *Breyting á yfirráðum í Arcanum ferðapjónustu ehf.*

fæðissölu, kaup og sala fasteigna, framleiðsla matvæla og almennur búsræktur. Fyrir samrunann er Arcanum í eigu Eldeyjar (85,12%) og tíu annarra aðila þar sem enginn einn á meira en 4% hlutfjár. Nánari upplýsingar um eignarhald Arcanum er að finna á yfirliti á fylgiskjali 2 við kaupsamninginn (sjá forskj. 1).

Arcanum gerir út ýmsa afþreyingu fyrir ferðamenn, t.d. jöklagöngur frá Skaftafelli, hálendisgönguferðir, ísklifur og vélsleðaferðir á Vatna-, Sólheima- og Mýrdalsjökli. Félagið á og rekur gistiaðstöðu í Kulusuk í Grænlandi og gerir þaðan út lengri gönguferðir auk sérstakra leiðangra.⁷

B. Logakór

Logakór er einkahlutafélag sem var stofnað árið 2018 og hefur það að meginmarkmiði að standa að uppbyggingu á Sólheimasvæðinu. Logakór er fyrir samrunann í eigu Eldeyjar (62%), Línekru ehf. (20%) og fimm annarra aðila þar sem enginn einn á meira en 6% hlutfjár. Nánari upplýsingar um eignarhald Logakórs er að finna á fylgiskjali 2 við kaupsamninginn (sjá fylgiskjal 1).

Félagið er eigandi landsins að Ytri Sólheimum 1a. Því landi fylgir 51% hlutur í óskiptu sameignarlandi sem nær frá jaðri Sólheimajökuls niður að sjó en þar má finna hið víðfræga flak Douglas DC-3 flugvélarinnar á Sólheimasandi.

C. Dive

Sportköfunarskóli Íslands, sem er í daglegu tali kallaður Dive, er einkahlutafélag sem hóf starfsemi sína árið 2007. Tilgangur félagsins er kennsla í köfun og sportköfun, fræðsla tengd íþróttinni, sala á þjónusta tengdri köfun og annarri útivist, ásamt öðrum tengdum rekstri. Dive er fyrir samrunann í eigu Eldeyjar (51,04%) og Tobias Klose (48,96%).

Dive býður upp á yfirborðs- og djúpköfunarferðir, auk blautbúnings- og köfunarnámskeiða í Silfru á Þingvöllum. Einnig er boðið upp á köfunarferðir í Kleifarvatni auk sérferða á aðra áhugaverða köfunarstaði á Íslandi.⁸

Dive á 50% í Basecamp Iceland ehf., sem rekur m.a. Aurora Basecamp, norðurljósasýningu og fræðslusetur staðsett á horni Krýsuvíkurvegar og Bláfjallaafleggjara, auk ævintýraferða fyrir smærri hópa.⁹ Dive fer með sameiginleg yfirráð yfir Basecamp Iceland með Jöklafold ehf. og Óskasteini ehf. á grundvelli hluthafasamkomulags.

D. Norðursigling

Norðursigling er hlutafélag sem stofnað var árið 1995. Tilgangur félagsins er rekstur ferðaþjónustu, svo og rekstur fasteigna, lánastarfsemi og skyldur rekstur. Norðursigling er fyrir samrunann í eigu Eldeyjar (43,31%), Harðar Sigurbjarnarsonar (25,03%), Heimis Harðarsonar (13,18%) og tveggja annarra aðila sem eiga hvor um sig 9,24% í félaginu. Þess skal getið að fyrir uppgjör viðskiptanna verður eignarhlutur Eldeyjar í Norðursiglingu hf. færður til Eldeyjar HoldCo. Norðursigling er þar með ekki hluti af viðskiptunum, sem samrunatilkynning þessi varðar.

⁷ Sjá nánar <https://www.arcanum.is/>

⁸ Sjá nánar <https://www.dive.is/>

⁹ Sjá nánar <https://www.basecampiceland.is/>

Norðursigling á veitingastaðinn Gamla Bauk á Húsavík en rekstur hans hefur verið leigður út frá byrjun árs 2019. Félagið á einnig 50% hlut í Húsavík Adventures ehf. Norðursigling fer með sameiginleg yfirráð yfir Húsavík Adventures með Veigar ehf. og Austmar ehf. á grundvelli hluthafasamkomulags.

E. Íslenskar Heilsulindir

Íslenskar Heilsulindir ehf. er einkahlutafélag sem stofnað var árið 2007. Megintilgangur þess eru fjárfestingar, ásamt þróun og uppbyggingu náttúrubaðaðstaða. Íslenskar Heilsulindir ehf. er fyrir samrunann í eigu Eldeyjar (20%), ITF I slhf. (20%) og Bláa Lónsins hf. (60%). Ekki verður breyting á yfirráðum yfir Íslenskum Heilsulindum með kaupum BBL á 20% hlut í félaginu af Eldey og því verður ekki fjallað frekar um félagið í þessari tilkynningu.

4.2 Kynnisferðir

Kynnisferðir er eignarhaldsfélag og er tilgangur félagsins rekstur eignarhaldsfélaga, kaup og sala verðbréfa, kaup, sala og rekstur fasteigna, lánastarfsemi og skyldur rekstur. Kynnisferðir er fyrir samrunann í eigu Alfa (65%) og SF VII (35%). Kynnisferðir er eignarhaldsfélag utan um hluti í Ferðaskrifstofu Kynnisferða, Hópbifreiðum Kynnisferða ehf., Bílaleigu Kynnisferða ehf., Almenningsvagna Kynnisferða ehf., Garðakletts ehf., Klettagarða 12 ehf. og Umferðarmiðstöðvarinnar ehf.

Ferðaskrifstofa Kynnisferða starfar undir rekstrarnafninu *Reykjavík Excursions*, og býður upp á víðtækt framboð af skipulögðum dagsferðum og ferðum fyrir sérhópa, ásamt rútuferðum milli Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar („FLE“) og Reykjavíkur (e. *Flybus*).¹⁰ Bílaleiga Kynnisferða ehf. býður, eins og nafnið gefur til kynna, upp á skammtíma og langtímaleigu bifreiða til ferðamanna og annarra undir merkjum *Enterprise Rent-A-Car*.¹¹ Hópbifreiðar Kynnisferða ehf. er eigandi rútuflota samstæðunnar og sinnir rekstri þeirra. Klettagarðar 12 ehf. er fasteignafélag utan um fasteignir samstæðunnar í Reykjavík og Keflavík. Almenningsvagnar Kynnisferða ehf. er félag utan um strætisvagna félagsins sem sinnir akstri fyrir Strætó á höfuðborgarsvæðinu. Garðaklettur ehf. er eigandi dráttarbíla sem sinnir eingöngu gámaflutningum fyrir Eimskipafélag Íslands hf. Enginn rekstur er í Umferðarmiðstöðinni ehf.

¹⁰ Sjá nánar <https://www.re.is/>

¹¹ Sjá nánar <https://www.enterpriserentacar.is/en/home.html>

KAFLI 5
PERSÓNULEG OG FJÁRHAGSLEG TENGSL OG FYRRI YFIRTÖKUR

5.1 Eignarhlutur í fyrirtækjum í ferðapjónustu

Kynnisferðir halda á eftirfarandi eignarhlutum í öðrum félögum en dótturfélögum þess:

- 4,56% hlutafjár í Lava – Eldfjalla- & jarðskjálftamiðstöð Íslands ehf., kt. 421115-1170, með lögheimili að Klettagörðum 12, 104 Reykjavík;
- 11,59% hlutafjár í Gufu ehf., 410605-1120, með lögheimili að Hverabraut 1, 840 Laugarvatni;
- 9,62% hlutafjár í Raufarhóll ehf., kt. 700516-1210, með lögheimili að Klettagörðum 12, 104 Reykjavík.

5.2 Stjórnarseta í fyrirtækjum í ferðapjónustu

Í stjórnnum samrunaaðila og dótturfélaga þeirra situr enginn stjórnarmaður sem einnig á sæti í stjórn samkeppnisaðila sem ekki er innan sömu samstæðu. Samhengisins vegna má þó nefna að framkvæmdastjóri Kynnisferða situr í stjórn Samtaka ferðapjónustunnar.

5.3 Yfirtökur á síðustu þremur árum

Samstæða Kynnisferða hefur komið að eftirfarandi yfirtöku á síðustu þremur árum:

- **Kaup Kynnisferða á rekstri Jóhanns Geirharðssonar:** Í lok árs 2019 keypti Garðaklettur ehf. eignir Jóhanns Geirharðssonar ehf., sem voru fyrst og fremst Volvo bifreiðar.

Samstæða Eldeyjar hefur komið að eftirfarandi yfirtökum á síðustu þremur árum:

- **Kaup Eldeyjar á 51% eignarhlut í Sportköfunarskóla Íslands,** sbr. ákvörðun SE nr. 3/2019 *Kaup Eldeyjar TLH hf. á 51% eignarhlut í Sportköfunarskóla Íslands ehf. (Dive.is).*
- **Samruni Arcanum ferðapjónustu ehf. og Íslenskra fjallaleiðsögumanna ehf.:** Í ágúst 2019 var formlega gengið frá samruna félaganna. Eldey átti fyrir samrunann 32,5% hlut í Íslenskum Fjallaleiðsögumönnum og 84% hlut í Arcanum ferðapjónustu ehf. Hlutur Eldeyjar í hinu sameinaða félagi var 62,611%.
- **Kaup Sportköfunarskóla Íslands á 50% hlut í Basecamp Iceland ehf.:** Sumarið 2019 samþykkti stjórn Sportköfunarskóla Íslands að taka þátt í hlutafjárukningu hjá félaginu Basecamp Iceland fyrir 73 m.kr. Fyrir þá fjárhæð eignaðist Sportköfunarskólinn 50% hlut í félaginu. Fjármununum var ráðstafað í uppbyggingarverkefnið Aurora Basecamp sem félagið hafði verið með í þróun um nokkurt skeið. Aurora Basecamp býður upp á einstaka norðurljósaupplifun í sérhönnuðu húsnæði sem samanstendur af þremur stálgrindar kúlum (líkt og notaðar eru í grunnbúðum Everest sem dæmi) og er staðsett á horni Krísuvíkurvegar og Bláfjallaafleggjara.
- **Kaup Sportköfunarskóla Íslands á eignum og rekstri Dive Expeditions ehf.:** Í nóvember 2019 ákvað stjórn Sportköfunarskóla Íslands að kaupa allar eignir og rekstur félagsins Dive Expeditions ehf. Eigandi Dive Expeditions ehf. (nú DX ehf.) er Tobias Klose sem er eigandi 49% hlutar í Sportköfunarskóla Íslands. Rekstur Dive Expeditions sneri að lengri köfunarferðum en félögin höfðu starfað náið saman um árabíl og keypt af hvort öðru þjónustu o.fl. Eftir kaupin er Sportköfunarskólinn með víðtækari starfsemi og vöruframboð á eigin vegum, en félagið sá um sölu á vörum Dive Expeditions fyrir kaupin. [Trúnaðarmál].

KAFLI 6

SKILGREININGAR Á MÖRKUÐUM

6.1 Starfsemi samrunaaðila og dótturfélaga þeirra

Þegar hefur komið fram að BBL, ALFA, SF VII og Eldey eru fyrst og fremst eignarhaldsfélög, sem sinna m.a. fjárfestingarstarfsemi í afþreyingartengdri ferðaþjónustu. Neðangreind umfjöllun gerir grein fyrir starfsemi samstæðu Kynnisferða, auk þeirra dótturfélaga Eldeyjar sem samruninn varðar. Þá verður gerð grein fyrir starfsemi Norðursiglingar, sem er í eigu Eldeyjar fyrir samrunann en mun færast yfir til Eldeyjar HoldCo í tengslum við samrunann.

A. Kynnisferðir

Kynnisferðir ehf. er eignarhaldsfélag um hluti í Ferðaskrifstofu Kynnisferða, Hópbifreiðum Kynnisferða ehf., Bílaleigu Kynnisferða ehf., Almenningsvögnum Kynnisferða ehf., Garðakletti ehf., Klettagörðum 12 ehf. og Umferðarmiðstöðinni ehf.

Samrunaaðilar telja starfsemi Ferðaskrifstofu Kynnisferða fara fram á markaði fyrir heild- og smásölu skipulagðra ferða hérlandis, sem og markaði fyrir fólksflutninga með hópbifreiðum, líkt og nánar er gert grein fyrir hér að neðan.

Ferðaskrifstofa Kynnisferða – skipulagðar ferðir og sérhópar

Ferðaskrifstofa Kynnisferða starfar undir rekstrarnafninu *Reykjavík Excursions* og sinnir smásölu á skipulögðum ferðum sem skipta má í i) skoðunarferðir, ii) afþreyingarferðir, iii) blandaðar ferðir og iv) umboðssölu. Fyrstu þrír flokkarnir innihalda akstur og oftast leiðsögumann á vegum Ferðaskrifstofu Kynnisferða, en síðasti flokkurinn varðar einkum smásölu á þjónustu annarra ferðaþjónustufyrirtækja.

Félagið rekur eigin söluvef og býður upp á fjölbreytt úrval styttri dagsferða með rútu um vinsæl svæði eins og Gullna hringinn, Bláa lónið og höfuðborgarsvæðið, auk þess að selja ferðir sem innihalda þjónustu félagsins, sem og afþreyingu annarra ferðaskipuleggjanda sem starfa fyrir utan höfuðborgarsvæðið. Þannig býðst ferðamönnum t.a.m. að kaupa skoðunarferð um Gullna hringinn ásamt vélsleðaferð á Langjökul sem starfrækt er af öðru fyrirtæki. Alls er hægt að kaupa um 150 ferðasamsetningar á heimasíðu Ferðaskrifstofu Kynnisferða, sem samanstanda ýmist af skoðunarferðum á vegum Ferðaskrifstofu Kynnisferða með leiðsögumanni, akstri til aðila sem gera út afþreyingarþjónustu eða samsetningu af hvoru tveggja. Félagið nýtir bæði hefðbundnar rútur og sérútbúnað minni rútur við fólksflutninga í skipulögðum ferðum fyrir erlenda ferðamenn.

Ferðaskrifstofa Kynnisferða sinnir að litlu leyti milligöngu á milli endanotenda og annarra ferðaskipuleggjanda, sem selja afþreyingu í heildsölu. Sem ferðaskrifstofa eða sölutorg tekur Ferðaskrifstofa Kynnisferða þóknun fyrir sölu ferða, en þóknun slíkra aðila ræðst oft á tíðum á því hversu ofarlega ferð kemur upp á síðu viðkomandi ferðaskrifstofu. Félagið er ein marga slíkra á Íslandi og í rauninni má segja að Ferðaskrifstofa Kynnisferða séu ekki síður í samkeppni við erlendar ferðaskrifstofur/bókunarskrifstofur á þessu sviði. Ferðaskrifstofa Kynnisferða er þó einnig í samstafi við erlendar ferðaskrifstofur og alþjóðlegar bókunarsíður sem selja ferðir félagsins.

Ferðaskrifstofa Kynnisferða – áætlunarferðir og rútuleiga

Auk framangreinds býður Ferðaskrifstofa Kynnisferða upp á akstur á milli Reykjavíkur og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar („FLE“) undir merkinu *Flugrútan* og *Flybus*. Á útboðsmarkaði fyrir nærstæði og aðra aðstöðu í og við Leifsstöð gildir samningur við Isavia um afgreiðslu innan FLE, bílastæði við flugstöðina

og kynningu á starfseminni í flugstöðinni og á heimasíðu flugvallarins. Fyrirtækið leigir Umferðarmiðstöðina BSÍ af Reykjavíkurborg og ekur farþegum þangað sem og áfram á gististaði, kaupir farþegar þá þjónustu. Áætlunarferðir Flugrútunnar eru í samræmi við allar komur og brottfarir um FLE.

Yfir sumartímann starfrækir Ferðaskrifstofa Kynnisferð einnig áætlunarferðir um hálendið, þ.á m. í Landmannalaugar, Þórsmörk og að Skógum. Algengast er að viðskiptavinir noti þessar ferðir í þeim tilgangi að ganga um hálendið og er þar vinsælast að ganga Laugavegin og Fimmvörðuháls. Sala fer fram með milligöngu erlendra bókunarskrifstofa og á heimasíðu Ferðaskrifstofu Kynnisferða.¹²

Þá býður Ferðaskrifstofa Kynnisferða einnig upp á rútuleigu sem felst í því að boðið er í akstur á milli tveggja eða fleiri áfangastaða.

Önnur starfsemi innan samstæðu Kynnisferða

Bílaleiga Kynnisferða ehf. rekur bílaleigu í skilningi laga nr. 64/2000 um bílaleigur. Félagið er umboðsaðili Enterprise Rent-A-Car, National og Alamo. Félagið rekur leigustöð við FLE og tvær leigustöðvar í Reykjavík. Önnur þeirra er staðsett á Umferðarmiðstöð BSÍ en hin í Klettagörðum 12, þar sem einnig er starfrækt bílasala.

Hópbifreiðar Kynnisferða ehf. sinna vaktstjórn og flotastýringu hópbifreiða samstæðu Kynnisferða, en rútur félagsins eru 80 talsins. Félagið er með samning við Isavia um aðgang að aðstöðu hópbifreiða við FLE, samning við Reykjavíkurborg um húsnæðið að Vatnsmýravegi 10 (Umferðarmiðstöðin BSÍ) og samning við Icelandair um akstur flugvirkja, auk samnings við Strætó bs um akstursþjónustu Almenningsvagna Kynnisferða ehf. sem gildir til ársins 2022. Þjónustuhlið þessarar starfsemi er í höndum Almenningsvagna Kynnisferða.

Almenningsvagnar Kynnisferða ehf. eiga um 50 strætisvagna og sjá um viðhald og rekstur þeirra. Félagið sinnir akstri á 11 leiðum fyrir Strætó bs á höfuðborgarsvæðinu. Garðaklettur á sex dráttarbíla og sinnir akstri fyrir Eimskip, en félagið hóf starfsemi á þessu sviði um áramótin 2019/2020. Klettagarðar 12 er fasteignafélag um tvær eignir, Klettagarða 12, sem er notuð undir starfsemi samstæðu Kynnisferða og Arnarvelli 4, sem Bílaleiga Kynnisferða ehf. leigir. Þar sem enngar skörunar gætir á starfsemi þessara félaga og annarra samrunaaðila, verður ekki gerð frekari grein fyrir starfsemi þeirra.

Engin starfsemi fer fram í Umferðarmiðstöðinni ehf.

B. Arcanum

Arcanum selur jöklagöngur, ísklifur og vélsleðaferðir upp á Sólheima- og Mýrdalsjökul frá starfsstöð sinni á Sólheimasandi. Auk þessa býður félagið upp á jöklagöngu á Öræfajökul frá Skaftafelli. Félagið selur einnig fjórhjólaferðir og akstur á Sólheimasandi. Þá eru farnar dags- og lengri ferðir frá Reykjavík. Félagið hefur t.a.m. boðið upp á gönguferðir um Laugavegin. Til viðbótar við rekstur félagsins hérlandis á það og rekur gistiaðstöðu fyrir farþega og starfsmenn félagsins í Kulusuk á Grænlandi. Þaðan gerir félagið m.a. út lengri gönguferðir.

Arcanum selur ferðir sínar bæði á eigin sölusíðu og með milligöngu sölutorga, líkt og Guide to Iceland og Viator. Samrunaaðilar telja að félagið starfi á heildsölu- og smásölumarkaði fyrir skipulagðar ferðir.¹³

¹² www.re.is.

¹³ Því til stuðnings má vísa til markaðsskilgreiningar í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 19/2017 (*Samruni Arctic Adventures hf. og Extreme Iceland ehf.*), þar sem einn samrunaaðila sinnti fjölbreytilegri ferðaþjónustu líkt og Arcanum.

C. Dive

Félagið býður upp á yfirborðs- og köfunarferðir, auk þurrbúnings- og köfunarnámskeiða. Aðalstarfsvettvangur félagsins er í Silfru á Þingvöllum, en það selur einnig köfunar- og yfirborðs-köfunarferðir í Kleifarvatni og sérstakar einkaferðir á aðra áhugaverða köfunarstaði hérlandis. Langstærstur hluti af bókunum félagsins fer fram í gegnum eigin heimasíðu, en lítill hluti fer fram með milligöngu annarra ferðaskrifstofa.

Félagið á 50% í Basecamp Iceland ehf., sem hóf rekstur skömmu áður en ferðatakmarkanir tóku gildi. Það rekur m.a. Aurora Basecamp, norðurljósasýningu og fræðslusetur staðsett á horni Krýsuvíkurvegjar og Bláfjallaafleggjara. [Trúnaðarmál].

Að þessu virtu telja samrunaaðilar að starfsemi Dive og Basecamp Iceland fari að mestu fram á markaði fyrir heild- og smásölu skipulagðra ferða hérlandis.

D. Logakór

Félagið er fasteignafélag, sem selur enga þjónustu til ferðamanna. Félagið leigir einungis fasteignir til annarra félaga innan samstæðu Eldeyjar. Það á landið að Ytri Sólheimum 1a, og því fylgir 51% hlutur í óskiptu landi sem nær frá jaðri Sólheimajökuls og niður að sjó. Á því er m.a. flak Douglas DC-3 flugvélarinnar, sem er vinsæll áfangastaður meðal ferðamanna.

[Trúnaðarmál].

Þar sem félagið hyggst ekki þjónusta ferðamenn verður ekki gerð nánari grein fyrir starfsemi þess.

E. Norðursigling

Norðursigling rekur hvalaskoðun frá Húsavík og Hjalteyri, auk þess sem það gerir út ferðir í Scoresbysund á Grænlandi. Skipafloti félagsins telur 10 skip bæði eikarskip og seglskútur.¹⁴ Norðursigling á veitingastaðina Gamla Bauk og Hvalbak á Húsavík en rekstur þeirra hefur verið leigður út frá mars 2019.

Samrunaaðilar telja að starfsemi Norðursiglingar fari fram á markaði fyrir heild- og smásölu skipulagðra ferða hérlandis.

6.2 Markaður þar sem áhrifa gætir

Heildarmarkaður fyrir heild- og smásölu skipulagðra ferða

Samrunaaðilar meta það svo að starfsemi þeirra muni einkum skarast á markaði fyrir heild- og smásölu á skipulögðum ferðum fyrir ferðamenn hérlandis. Þann markað hefur Samkeppniseftirlitið oft notast við í samrunamálum, sjá einkum ákvarðanir SE nr. 19/2017 *Samruni Arctic Adventures hf. og Extreme Iceland ehf.*, ákvörðun nr. 12/2019 *Kaup Arctic Adventures hf. á eignarhlutum í félögum í ferðaþjónustu* og ákvörðun nr. 5/2020 *Kaup Arctic Adventures hf. á eignarhlutum í Raufarhól ehf.* Heildsöluhluti markaðarins felst í sölu á skipulögðum ferðum, þar á meðal ýmissi afþreyingu, til sölutorga, ferðaskipuleggjanda, ferðaskrifstofa og annarra milligönguaðila, sem bjóða upp á skipulagðar ferðir sem innihalda ýmsa afþreyingu, s.s. skoðunarferðir og rútupjónustu, sem samanstendur af þjónustu frá mörgum aðilum. Smásöluhlutinn felst í sölu á slíkum ferðum beint til endanotenda, en þar starfa bæði milligönguaðilar líkt og sölutorg, sem og aðilar sem selja og framkvæma ferðir sjálfir.

¹⁴ Sjá nánar <https://www.northsailing.is/>

Samrunaaðilar telja ekki þörf á að greina markað fyrir heild- og smásölu á skipulögðum ferðum í frekari undirmarkaði, enda telja þeir líklegt að staðganga sé á milli ólíkra ferða sem skipulagðar eru hérlandis af samrunaaðilum og öðrum, svo sem fjalla- og jöklaferða, yfirborðs- og djúpköfunarferða, og flúða-siglinga. Í þjónustunni felst afþreying fyrir ferðamenn og gegnir sama máli hvort boðið sé upp á hestaferð eða vélsleðaferð enda staðganga milli vöruflokka. Enn fremur telja samrunaaðilar að ekki sé þörf á ítarlegri skilgreiningu á mörkuðum eftir vöru- og þjónustuframboði í þessu máli þar sem ekkert bendir til þess að samrunaaðilar hafi, eða muni öðlast, markaðsráðandi stöðu á mörkuðum málsins, eða að samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti.

Í þessu samhengi má vísa til ákvörðunar SE nr. 12/2019 *Kaup Arctic Adventures hf. á eignarhlutum í Into the Glacier ehf. og fleiri félögum í ferðapjónustu*, en í því máli var niðurstaða eftirlitsins sú að samrunaaðilar starfi á mörgum sviðum ferðapjónustu á Íslandi þar sem markaðurinn sé sala og framkvæmd á skipulögðum ferðum á Íslandi. Í ákvörðuninni benti eftirlitið á að mögulega mætti skipta mörkuðum niður í undirmarkaði eftir því hvers eðlis ferðin væri en ekki var talin ástæða til að skilgreina markaðinn frekar en dagsferðir og styttri ferðir fyrir ferðamenn á Íslandi. Jafnframt var tekið fram að hluti samrunaaðila væru vel færir um að veita víðtæka þjónustu og aðlagja sig neytendum hverju sinni, sem þótti benda til þess að skilgreina bæri markaðinn heldur vítt en þröngt. Samrunaaðilar telja sömu sjónarmið eiga við í fyrirbyggjandi máli.

Landfræðilegur markaður fyrir heild- og smásölu skipulagðra ferða

Samrunaaðilar telja heild- og smásölumarkað skipulagðra ferða taka til landsins alls. Samrunaaðilar sinna sölu skipulagðra ferða víðsvegar um landið og unnt er að bæta við og breyta framboði þeirra ferða sem seldar eru eftir eftirspurn hverju sinni. Þessi skilgreining er í samræmi við fyrri ákvarðanir eftirlitsins.

Í þessu samhengi þykir samrunaaðilum þó rétt að vekja athygli á samkeppnislegu aðhaldi frá erlendum aðilum sem starfa sem sölutorg erlendis og markaðssetja ferðir hérlandis. Hér má nefna alþjóðlegar bókunarsíður, svokallaða on-line travel agents, eins og t.d. Booking.com, Expedia, TripAdvisor, getyourguide og Viator. Slíkar bókunarsíður selja nú margvíslegar íslenskar ferðaaferðir og geta þeir sem þangað leita fest sér flug, bílaleigubíla, afþreyingu og hvað eina sem þörf krefur til að skipuleggja þá ferð sem viðskiptavinurinn sækist eftir. Íslenskar ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur greiða slíkum bókunarþjónustum allt upp í 25-30% þóknarir.¹⁵ Sýnileiki á slíkum síðum er ómissandi fyrir markaðssetningu og sölu á ferðapjónustu innlendra fyrirtækja erlendis.

Þá er samkeppnin mikil við erlendar ferðaskrifstofur sem selja skipulagðar pakkaferðir til Íslands. Einnig leikur grunur á því að „hér sé umfangsmikil útgerð erlendra fyrirtækja, sem starfa á svig við þau lög og reglur sem íslenskum fyrirtækjum er skylt að fara eftir. Þessi erlendu fyrirtæki eru grunuð um að greiða ekki lögboðna skatta og gjöld og/eða stunda félagsleg undirboð sem stórskekkja samkeppnishæfni íslensku fyrirtækjanna. Eftirlit með þessari starfsemi er mjög takmarkað og óskilvirkt.“¹⁶

Auk framangreinds þarf við mat á samkeppnislegum áhrifum samrunans að taka tillit til samkeppnislegs aðhalds frá ferðapjónustufyrirtækjum í öðrum löndum. Íslensk ferðapjónusta er að mörgu leyti útflutningsgrein í alþjóðlegri samkeppni enda vegur afþreying hátt við ákvörðun ferðamanna á áfangastað. Samkeppnishæfni íslenskrar ferðapjónustu er ógnað af löndum sem geta boðið upp á afþreyingu á lægra verði. Í þessu samhengi má nefna skýrslu World Economic Forum, sem gefin var út árið 2019. Ísland hnepti 30. sætið yfir samkeppnishæf lönd í ferðapjónustu, af þeim 140 löndum sem

¹⁵ <https://kjarninn.is/skyring/2019-12-11-millilidir-i-ferdathjonustu-hafa-sott-i-sig-vedrid/>

¹⁶ Aðalfundur SAF 2019 – Árskýrsla 2018-2019.

tóku þátt. Þegar kom að mælingu á samkeppnishæfu verði var Ísland talið meðal ósamkeppnishæfustu þjóða, eða í 138. sæti í þeim flokki. Þessi staða hefur haft í för með sér að eftirspurn ferðamanna sem og kauphegðun þeirra hér innanlands hefur tekið breytingum til hins verra. Ljóst er að íslensk ferðaþjónustufyrirtæki þurfa að taka mið af verðlagningu erlendis og geta ekki keppt á markaði án tillits til keppinauta í öðrum löndum, a.m.k. þar sem boðið er upp á sambærilega afþreyingu og hýrlandis.

6.3 Markaður sem er skyldur markaði þar sem áhrifa gætir

A. Heildarmarkaður fyrir fólksflutninga með hópferðabifreiðum

Ferðaskrifstofa Kynnisferða starfar auk framangreinds á markaði fyrir fólksflutninga með hópferðabifreiðum. Það sinnir akstri á sérleiðum, m.a. milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar og vinsælla áfangastaða á hálendi Íslands. Þar til um síðustu áramót sinntu Almenningsvagnar Kynnisferða akstri strætisvagna milli Reykjanesbæjar og Sandgerðis/Garðs.¹⁷ Þá eiga Almenningsvagnar Kynnisferða um 50 strætisvagna og sjá um viðhald og rekstur þeirra. Félagið sinnir akstri á 11 leiðum fyrir Strætó bs á höfuðborgarsvæðinu. Samningur er í gildi á milli Hópbifreiða Kynnisferða og Strætó bs en þjónustuhlið þessarar starfsemi er í höndum Almenningsvagna Kynnisferða.

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 51/2007 *Samruni Reynimels ehf., og [Kynnisferða ehf.]*¹⁸ þar sem fjallað var um hugsanlegan samruna Reynimels ehf. og Kynnisferða ehf. var komist að þeirri niðurstöðu að vöru- og þjónustumarkaðurinn væri heildarmarkaður fyrir fólksflutninga með hópferðabifreiðum. Helgaðist þessi skilgreining af því að samrunaaðilar gætu sinnt alhliða þjónustu með hópferðabifreiðum, s.s. dagsferðum með ferðamenn, sérleyfisakstri og akstri strætisvagna. Uppbygging og eðli þeirrar þjónustu sem fælist í hópferðaakstri gæti því kallað á að markaður væri virtur frá framboðshlið hans.¹⁹

Í framangreindu máli var niðurstaða Samkeppniseftirlitsins sú að fyrirtækjum sem stunda rekstur hópferða megi skipta í tvo hópa. Í fyrsta lagi er um að ræða fyrirtæki sem búa yfir talsverðum fjölda hópferðabifreiða auk þess jafnvel að reka ferðaþjónustu á tengdum mörkuðum eða vera í samstarfi við erlendar ferðaskrifstofur. Þessum hópi tilheyrðu, að mati Samkeppniseftirlitsins, Hópbifreiðar Kynnisferða og tíu stærstu keppinautar þeirra. Í öðru lagi er um að ræða minni rútubílafyrirtæki sem yfirleitt eru með tiltölulega fáa hópferðabíla, færri en tíu og jafnvel aðeins eina til tvær litlar rútur. Þessir aðilar þjóna alla jafna smærri hópum. Samrunaaðilar telja að önnur fyrirtæki sem samruninn varðar starfi ekki á markaði fyrir fólksflutninga með hópferðabifreiðum. [Trúnaðarmál].

Samrunaaðilar telja að tengsl markaðar fyrir fólksflutninga með hópferðabifreiðum og markaðar fyrir heild- og smásölu skipulagðra ferða séu ekki nægilega mikil til að samruninn gefi tilefni til að ætla að starfsemi aðila á hvorum markaði fyrir sig styrkist vegna samrunans. Flestir ferðamenn sem koma hingað til lands hafa þegar skipulagt ferðalag sitt í gegnum netið þegar þeir lenda í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og því hefur markaðssetning í áætlunarferðum frá FLE mjög takmörkuð áhrif á val ferðamanna á ferðum. Þá starfa á báðum mörkuðum sterkir aðilar sem veita samrunaaðilum mikið samkeppnislegt aðhald.

Landfræðilegur markaður fyrir fólksflutninga með hópferðabifreiðum

Í fyrri málum þar sem Kynnisferðir hafa komið við sögu hefur Samkeppniseftirlitið ekki talið ástæðu til að skipta markaði fyrir fólksflutninga með hópferðabifreiðum eftir einstökum akstursleiðum eða

¹⁷ Leið 89.

¹⁸ Það athugast að samrunaaðilinn Kynnisferðir ehf. í ákvörðun nr. 51/2007 er í dag Hópbifreiðar Kynnisferða ehf. Frekari breytingar urðu á samstæðu Kynnisferða í tengslum við ákvörðun SE nr. 22/2015 *Kaup SF VII á hlut í Kynnisferðum hf.*

¹⁹ Samruninn með ákveðnum breytingum og skilyrðum var síðar samþykktur með ákvörðun eftirlitsins nr. 17/2008.

landsvæðum. Kynnisferðir sinna fólksflutningum á mörgum leiðum víðsvegar um landið, og telja samrunaaðilar landsfræðilega markaðinn vera landið allt.

Staða aðila á markaðnum og áhrif samrunans

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands um veltu vegna ferðaflutninga á landi samkvæmt virðisaukaskattskýrslum (m. króna) er áætluð heildarstærð markaðarins eftirfarandi:

	Farþegaflutningar á landi	Velta Kynnisferða ²⁰
2018	22.808.000.000	[Trúnaðarmál]
2019	21.630.000.000	[Trúnaðarmál]
2020	5.613.000.000 ²¹	[Trúnaðarmál]

Hópfreiðabifreiðum má skipta eftir heildarþyngd, líkt og gert er á vef Samgöngustofu. Samkvæmt upplýsingum sem þar koma fram eru skráðar 1.792 hópfreiðabifreiðar á landinu sem eru með leyfða heildarþyngd yfir 5.000 kg. Allar hópfreiðar Kynnisferða falla í þennan flokk. [Trúnaðarmál]. Fjölgun rekstraraðila og bifreiða síðustu ár hefur komið fram í harðri verðsamkeppni.²²

Í tengslum við tilkynningu á samruna Reykjavík Sightseeing Invest ehf. („RSS“) og Allrahanda GL ehf. („AGL“), sbr. ákvörðun SE nr. 44/2019 *Kaup Reykjavík Sightseeing Invest ehf. á Allrahanda GL ehf.* var markaðshlutdeild aðila sem sinna fólksflutningum með hópfreiðum áætluð miðað við stöðuna árið 2019. Miðað við þær tekjuupplýsingar sem Samkeppniseftirlitið hafði, og mat þess á hlutdeild þeirra aðila sem ekki náðist í, skiptist markaðurinn þannig: AGL/RSS (samanlögð hlutdeild, ásamt dótturfélögum og tengdum fyrirtækjum) 25-30%, Kynnisferðir 25-30%, Arctic Adventures 5-10%, Snæland 5-10%. Fjöldi minni aðila voru taldir með minni hlutdeild en 5%.

Samrunaaðilar telja augljóst að markaður fyrir fólksflutninga og markaður heild- og smásölu á skipulögðum ferðum eru tengdir. Þeir telja þó ekki að sterk staða Kynnisferða á fyrrnefnda markaðnum hafi áhrif á stöðu þess á þeim síðarnefnda. Frekari umfjöllun má finna í B hluta þessa kafla.

B. Áætlunarakstur á milli höfuðborgarsvæðisins og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar (FLE)

Starfsemi Ferðaskrifstofu Kynnisferða er lýtur að rekstri flugrútu fer fram á áður skilgreindum markaði fyrir áætlunarakstur á milli höfuðborgarsvæðisins og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Líkt og fram kom í áðurnefndri ákvörðun SE nr. 44/2019 sinna þrjú fyrirtæki áætlunarakstri á þessari leið. Það eru Kynnisferðir (undir merkjum Flybus), RSS (undir merkjum Airport Direct) og AGL (undir merkjum Grayline/ Airport Express).

Landfræðilegur markaður fyrir áætlunarakstur á milli höfuðborgarsvæðisins og FLE

Samkeppniseftirlitið hefur metið það svo að sá landfræðilegi markaðurinn taki til FLE og höfuðborgarsvæðisins og leiðarinnar þar á milli. Á það við hvort heldur sem litið er til áætlunaraksturs til og frá fjarstæðum eða nærstæðum, sbr. ákvörðun SE nr. 44/2019.²³

²⁰ Af farþegaflutningum sem ekki tengjast afþreyingu og skoðunarferðum, þ.e. flugrúta og hálendisrúta.

²¹ Á tímabilinu frá janúar til október 2020.

²² Fjárhagsgreining KPMG – Staða íslenskrar ferðaþjónustu í árslok 2019, aðgengilegt á:

<https://assets.kpmg/content/dam/kpmg/is/pdf/2020/12/Fjarhagsgreining-Stada-ferdathjonustufyrirtækja-2019.pdf>

²³ Sjá áðurnefnd ákvörðun SE nr. 44/2019 *Kaup Reykjavík Sightseeing Invest ehf. á Allrahanda GL ehf.*

Staða aðila á markaðnum og áhrif samrunans

Í tengslum við kaup RSS á AGL árið 2019 mat Samkeppniseftirlitið það svo að markaðshlutdeild á heildarmarkaði fyrir áætlunarakstur með hópbifreiðum á milli höfuðborgarsvæðisins og FLE skiptist þannig að hlutdeild Kynnisferða væri 70-75%, AGL 15-20%, RSS 10-15%, sbr. áðurnefnd ákvörðun SE nr. 44/2019. Samrunaaðilar ætla að hlutdeild RSS hafi aukist mikið á þeim tíma sem liðinn er frá rannsókn Samkeppniseftirlitsins og benda á aukna veltu Airport Direct á milli árána 2018 og 2019.²⁴

Sterk staða Kynnisferða í flugvallarakstri hefur engin áhrif á þeim markaði sem samruni þessi snertir, þ.e. markað fyrir heild- og smásölu á skipulögðum ferðum fyrir ferðamenn héraendis. Til marks um það vísast til skýrslu Ferðamálastofu frá september 2020, þar sem fram kemur að hátt í helmingur ferðamanna nýti alþjóðlegar bókunarsíður á borð við booking.com við skipulagningu og bókun Íslandsferðar.²⁵ Opinberir ferðavefir eru jafnframt nýttir í miklum mæli við skipulagningu. Þar sem mikill meirihluti ferðamanna velur og kaupir sína afþreyingu á netinu þýkir ljóst að staða Kynnisferða á markaði fyrir áætlunarakstur með hópbifreiðum á milli höfuðborgarsvæðisins og FLE tryggir ekki áframhaldandi viðskipti á markaði fyrir skipulagðar ferðir.

Þá er ljóst að þrátt fyrir sterka stöðu Kynnisferða á markaði fyrir áætlunarakstur til og frá FLE fer viðskiptamannahópurinn, sem nýtir sér slíka þjónustu, ört minnkandi þar sem sífellt fleiri ferðamenn leigja bílaleigubíl í Keflavík í stað þess að nýta sér áætlunarferðir til Reykjavíkur. Í þessu samhengi vísast einnig til könnunar Ferðamálastofu. Þrír af hverjum fimm ferðamönnum sögðust hafa ferðast um á bílaleigubíl á ferðalagi um Ísland árið 2019, tæplega þriðjungur í skipulagðri rútuferð og um 14% í áætlunarbifreið. Tæplega einn af hverju tíu nýtti sér leigubíla.

6.4 Markaðir þar sem áhrifa gætir ekki

Markaður fyrir bílaleigu

Bílaleiga Kynnisferða rekur bílaleigu í skilningi laga nr. 64/2000 um bílaleigur og starfar því á bílaleigumarkaði. Skráðir bílaleigubílar héraendis voru 23.265 í lok árs 2019 og fjöldi bílaleiga 135 talsins.²⁶ Á sama tíma nam floti Kynnisferða um 700 bifreiðum eða 3% af heildinni. Í lok árs 2020 voru skráðir bílaleigubílar 17.794 og fjöldi bílaleiga 86. [Trúnaðarmál]. Þar sem markaðshlutdeild félagsins á bílaleigumarkaði er óveruleg verður ekki fjallað frekar starfsemi félagsins á markaðnum.

Hópbifreiðar Kynnisferða sinna vaktstjórn og flotastýringu hópbifreiða samstæðu Kynnisferða, en rútur félagsins eru 80 talsins. Félagið er með samning við Isavia um aðgang að aðstöðu hópbifreiða við Flugstöð Leifs Eiríkssonar, samning við Reykjavíkurborg um húsnæðið að Vatnsmýravegi 10 (Umferðarmiðstöðin BSÍ) og samning við Icelandair um akstur flugvirkja, auk samnings við Strætó bs um akstursþjónustu Almenningsvagna Kynnisferða. Þar sem þjónustuhlið þessarar starfsemi er í höndum Ferðaskrifstofu Kynnisferða vísast til umfjöllunar um það félag.

Garðaklettur á sex dráttarbíla og sinnir akstri fyrir Eimskip, en félagið hóf starfsemi á þessu sviði um áramótin 2019/2020. Að mati samrunaaðila fer þessi starfsemi fram á markaði fyrir vöruflutninga, m.a. með vöru- og dráttarbílum, en á þeim markaði hefur samruninn engin áhrif.

²⁴ Samkvæmt ársreikningi Airport Direct ehf. nam velta félagsins kr. 832.579.808 á árinu 2018 og kr. 1.241.085.997 á árinu 2019.

²⁵ <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/konnun2019/lokaskýrsla-2019-2.pdf>

²⁶ https://www.mbl.is/frettir/innlent/2021/01/21/leigum_og_bilum_faekkad_mikid/

Klettagarðar 12 er fasteignafélag um tvær eignir, Klettagarða 12, sem er notuð undir starfsemi samstæðu Kynnisferða og Arnarvelli 4, sem Bílaleiga Kynnisferða leigir. Þar sem engrar skörunar gætir á starfsemi þessara félaga og annarra samrunaaðila, og þar sem fasteignirnar eru í útleigu innan samstæðu Kynnisferða, verður ekki fjallað frekar um þessa starfsemi.

KAFLI 7

UPPLÝSINGAR UM MARKAÐI ÞAR SEM ÁHRIFA GÆTIR

7.1 Almennt

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort að fyrirhugaður samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkt, eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga.

Samkeppnisleg skörun samrunaaðila á markaði fyrir heild- og smásölu á skipulögðum ferðum hérlandis er láréttis eðlis. Kynnisferðir, Arcanum og Dive reka hvert sinn eigin söluvef og bjóða upp á fjölbreytt úrval ferða sem félögin framkvæma sjálf, ásamt því að selja hluta ferða sinna með milligöngu aðila sem starfa sem sölutorg. Kynnisferðir starfar einn samrunaaðila sem sölutorg, og kaupir skipulagðar ferðir í heildsölu og selur þær til endanotenda, oft ásamt skipulögðum ferðum félagsins.

Þar sem erlendir ferðamenn skipuleggja ferðalag sitt og kaupa ferðir að stærstum hluta í gegnum netið er sýnileiki á síðum ferðaskrifstofa, alþjóðlegra bókunarskrifstofa og netinu almennt grundvallarforsenda fyrir sölu slíkra ferða. Því telja samrunaaðilar að starfsemi þeirra fari fram á sama markaðnum, hvort sem hún felst í heild- eða smásölu skipulagðra ferða.

7.2 Áætluð heildarstærð markaðarins

Samkvæmt upplýsingum frá Ferðamálastofu varðandi fjölda ferðamanna og upplýsingum frá Hagstofu Íslands um veltu ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjanda samkvæmt virðisaukaskattskýrslum (m. króna) er áætluð heildarstærð markaðarins eftirfarandi:

	Fjöldi ferðamanna	Velta í einkennandi atvinnugreinum ferðapjónustu	Velta einkennandi atvinnugreinum ferðapjónustu, auk veltu jarðbaða
2018	2,3 milljónir ²⁷	77.829	95.641 ²⁸
2019	2 milljónir ²⁹	78.675	97.345 ³⁰
2020	595.796 ³¹	16.529 ³²	22.260 ³³

²⁷ Sjá upplýsingar á síðu Ferðamálastofu, aðgengileg á: <https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/fjoldi-ferdamanna/heildarfjoldi-erlendra-ferdamanna> [Síðast sótt 1.4.2020]

²⁸ Sjá upplýsingar á síðu Hagstofu Íslands, aðgengilegt á: <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/ferdathjonusta/skammtimahagvisar-ferdathjonustu-i-mars-2020/> [Síðast sótt 2.4.2020]

²⁹ Sjá upplýsingar á síðu Ferðamálastofu, aðgengileg á: <https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/fjoldi-ferdamanna/heildarfjoldi-erlendra-ferdamanna> [Síðast sótt 1.4.2020]

³⁰ Sjá upplýsingar á síðu Hagstofu Íslands, aðgengilegt á: <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/ferdathjonusta/skammtimahagvisar-ferdathjonustu-i-mars-2020/> [Síðast sótt 2.4.2020]


³¹ Ferðamenn á tímabilinu desember 2019 – nóvember 2020. Sjá upplýsingar á síðu Ferðamálastofu, aðgengileg á: <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/talnaefni/ferdatjonusta-i-tolum/2020/desember-2020.pdf> [Síðast sótt 22.1.2021]

³² Velta ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjanda á tímabilinu janúar-október 2020. Sjá upplýsingar á síðu Hagstofu Íslands, aðgengilegt á: https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir__ferdathjonusta__ferdaiddadurhagvisar/SAM08050.px/table/tableViewLayout1/?rxid=25303cc4-2458-40d5-b667-24f0625b9f29

³³ Velta ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjanda á tímabilinu janúar-október 2020, ásamt veltu jarðbaða, nuddstofa, sólbaðsstofa og gufubaða. Sjá upplýsingar á síðu Hagstofu Íslands, aðgengilegt á: https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir__ferdathjonusta__ferdaiddadurhagvisar/SAM08050.px/table/tableViewLayout1/?rxid=25303cc4-2458-40d5-b667-24f0625b9f29

Nokkur atriði þarf að hafa í huga varðandi þessar upplýsingar. Í fyrsta lagi að Hagstofa Íslands breytti skilgreiningu sinni á einkennandi atvinnugreinum í ferðapjónustu um nýliðin áramót. Samkvæmt nýrri skilgreiningu eru náttúruböð ekki með talin heldur falla þau í flokk með nuddstofum, sólbaðsstofum og gufuböðum. Bláa lónið og önnur náttúruböð voru þó vinsælasta afþreyingin meðal ferðamanna árið 2019. Þar á eftir komu ýmiss konar heilsulindir, dekurmeðferðir og safnferðir. Neðangreind skýringarmynd úr skýrslu Ferðamálastofu frá 2020³⁴ gefur góða mynd af skiptingunni milli mismunandi tegunda afþreyingar:

Hvaða afþreyingu nýttu ferðamenn 2019*



*Innan sviga má sjá breytingu á prósentustigum milli ára (2018-19).

Í öðru lagi þarf að hafa í huga að framangreind gögn eru ófullkomin að því leyti að stærð heildarmarkaðarins skv. virðisaukaskattskýrslum ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda er líklega vantinn, þar sem stór hluti skipulagðra ferða hérlandis er seldur með milligöngu erlendra bókunarskrifstofa og ferðaskrifstofa, sem taka sölubóknun fyrir, en greiða ekki virðisaukaskatt á Íslandi. Þannig skilar hluti af veltu vegna sölu skipulagðra ferða sér ekki inn í virðisaukaskattskýrslur hérlandis. Alþjóðlegar bókunarskrifstofur hafa verið áberandi á síðastliðnum árum og líklegt þykir að þær muni hafa töluvert meiri áhrif á næstu misserum en þær höfðu fyrir útbreiðslu Covid-19. Samkeppni einskorðast því ekki við staðgönguvörur. Hún er einnig um hlutdeild í sölu, þar sem alþjóðlegar bókunarsíður fá 10-30%³⁵ af tekjum íslenskra ferðapjónustufyrirtækja í sinn vasa. Þrátt fyrir þennan fyrirvara, eru þetta nákvæmustu upplýsingarnar um stærð markaðarins sem samrunaaðilar búa yfir og er því notast við þær í viðleitni samrunaaðila að ákvarða stærð markaðar.

³⁴ Erlendir ferðamenn á Íslandi 2019: Lýðfræði, ferðahegðun og viðhorf, aðgengilegt á síðu Ferðamálastofu: <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/konnun2019/lokaskýrsla-2019-2.pdf>

³⁵ <https://kjarninn.is/skyring/2019-12-11-millilidir-i-ferdathjonustu-hafa-sott-i-sig-vedrid/>

Í þriðja lagi er rétt að nefna að ekki er hægt að útiloka að framangreindar veltutölur í ferðapjónustu á Íslandi séu vanmetnar þar sem margt bendir til þess að ekki séu allar tekjur í þeirri atvinnugrein gefnar upp til skatts.³⁶

Í fjórða lagi hefur Hagstofa Íslands einungis birt veltutölur fyrir tímabilið frá janúar til október 2020. Auk þess gefa þær verulega brenglaða mynd af heildarstærð markaðarins. Heimsfaraldur Covid-19 og aðgerðir stjórnvalda takmörkuðu aðgang erlendra ferðamanna að Íslandi og þjónustu ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjanda flestalla mánuði ársins. Þegar þessi tilkynning er skrifuð í byrjun árs 2021 er ferðamönnum gert að sæta sóttkví í að minnsta kosti í sex daga við komu til landsins og fara í tvær skímanir fyrir Covid-19 áður en sóttkví lýkur. Þetta hefur óneitanlega mikil áhrif á tekjur ferðapjónustufyrirtækja og hefur valdið erfiðleikum í rekstri þeirra. Það má þó ljóst vera að þegar áhrif veirunnar minnka vegna bólusetninga og afléttingar ferðatakmarkana eiga sér stað munu þeir aðilar sem enn eru á markaðnum halda áfram þar sem frá var horfið og nýir aðilar munu stíga inn á markaðinn og nýta þau tækifæri sem verða ónýtt vegna gjaldþrots fyrri keppinauta. Í þessu samhengi má nefna skoðanakönnun sem gerð var meðal fyrirtækja í ferðapjónustu í byrjun árs 2021. Alls svöruðu 191 fyrirtæki skoðunarkönnuninni og kváðust einungis 1% þeirra þurfa að hætta starfsemi á meðan 92% sögðust munu halda sínu striki. Þá voru 7% í samningaferli.³⁷

Loks má ljóst vera af góðu gengi og síauknum ferðamannafjölda á árunum frá hruni og fram til útbreiðslu Covid-19 að næg tækifæri eru til staðar hérlandis. Þannig ætti að vera nóg pláss fyrir nýja og gamla keppinauta sem leggja áherslu á nýsköpun og hagkvæmni í rekstri, en „[I]ágir vextir og lágt gengi ættu að skapa forsendur fyrir hröðum bata ferðapjónustunnar – um leið og heimurinn hefur verið bólusettur. [...] Ferðapjónustan er án alls efa – framtíðaratvinnugrein“.³⁸ Í fjárhagsgreiningu ráðgjafasviðs KPMG sem unnin var fyrir Ferðamálastofu er sett fram spá um fjölda ferðamanna á árunum 2021 og 2022. Grunnspáin gerir ráð fyrir að ferðamenn verði 800 þúsund á þessu ári og 1,7 milljón á því næsta, sem nemur 86% af þeim fjölda ferðamanna sem heimsóttu landið árið 2019.

7.3 Áætluð markaðshlutdeild

Af framangreindu er ljóst að samrunaaðilarnir starfa á markaði fyrir heild- og smásala á skipulögðum ferðum á Íslandi.³⁹ Á honum hefur ríkt gríðarleg samkeppni á síðustu árum, og á honum starfar fjöldi innlendra og erlendra aðila, sem bjóða upp á fjölbreytta þjónustu. Skörunar á starfsemi samrunaaðila gætir einna helst í dagsferðum og styttri ferðum fyrir ferðamenn á Íslandi öllu.

Líkt og þegar hefur verið reifað, er erfitt að segja til um núverandi og framtíðar markaðshlutdeild samrunaaðila á heild- og smásölumarkaði fyrir skipulagðar ferðir hérlandis vegna þeirra breytinga sem urðu á markaðsaðstæðum á árinu 2020. Samrunaaðilar búa ekki yfir nákvæmum upplýsingum um markaðshlutdeild sína fyrir fall Wow air og útbreiðslu Covid-19, en nýttar eru tölur frá 2018, 2019 og 2020 og leitast við að áætla markaðshlutdeild út frá: (i) upplýsingum um veltu frá Hagstofu Íslands sem tekur mið af virðisaukaskattskýrslum ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjanda, og (ii) upplýsingum frá Ferðamálastofu um fjölda erlendra ferðamanna.

³⁶ Sjá t.a.m. https://www.saf.is/wp-content/uploads/2019/03/tillogur_saf_eftirlit_erlend_ologleg_starfsemi_skyrsla_05.03.2019.pdf

³⁷ Tekur eitt til tvö ár að vinna sig úr vandanum, frétt á vef mbl.is https://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2021/01/26/tekur_eitt_til_tvo_ar_ad_vinna_sig_ur_vandanum [síðast sótt 6.2.2021].

³⁸ Ásgeir Jónsson, Seðlabankastjóri – fundur á vegum KPMG um viðspyrnu ferðapjónustunnar.

³⁹ Ákvarðanir SE nr. 12/2019 *Kaup Arctic Adventures hf. á eignarhlutum í félögum í ferðapjónustu* og nr. 19/2017 *Samruni Arctic Adventures hf. og Extreme Iceland ehf.*

Í neðangreindri töflu er leitast við að reikna markaðshlutdeild samrunaaðila á þeim vöru- og þjónustumarkaði þar sem áhrifa gæti m.v. þær upplýsingar sem koma fram í kafla 7.2. [Trúnaðarmál].

Miðað við upplýsingar úr virðisaukaskattskýrslum ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda fyrir síðasta rekstrarár, þ.e. 2019,⁴⁰ náði samanlögð markaðshlutdeild samrunaaðila ekki 10% á markaði fyrir heild- og smásölu skipulagðra ferða hérlandis. Samanlögð velta þeirra vegna sölu á skipulögðum ferðum var um [Trúnaðarmál] á árinu, en heildarstærð markaðarins m.v. upplýsingar úr virðisaukaskattskýrslum ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda var 97.345 milljónir króna sé velta jarðbaða meðtalin. Sameiginleg markaðshlutdeild samrunaaðila var því [Trúnaðarmál] sé hún reiknuð m.v. framangreint.

Sé velta vegna ferða í Bláa Lónið ekki meðtalin var sameiginleg velta samrunaaðila [Trúnaðarmál] en heildarstærð markaðarins m.v. upplýsingar úr virðisaukaskattskýrslum ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda var 78.675 milljónir króna sé velta jarðbaða ekki meðtalin. Sameiginleg markaðshlutdeild samrunaaðila var því [Trúnaðarmál] á markaði fyrir skipulagðar ferðir sé velta jarðbaða ekki meðtalin.

Ferðamálastofa hefur bent á að heimsþekkt erlend bókunarfyrirtæki hafi mikinn markaðsstyrk hérlandis.⁴¹ Því er ljóst að innlendir söluaðilar skipulagðra ferða njóta gríðarlegrar samkeppni erlendis frá. Upplýsingar um markaðshlutdeild samrunaaðila, sem raktar hafa verið í samrunatilkynningu þessari, taka ekki tillit til veltu slíkra erlendra aðila, sem ekki eru virðisaukaskattskyldir hérlandis. Heildarfjárhæð markaðarins er því meiri en framangreind umfjöllun gefur til kynna og markaðshlutdeild samrunaaðila minni. [Trúnaðarmál]. Erlendir ferðamenn treysta síðum eins og booking.com, og sýnileiki þeirra á netinu er óumdeilanlega meiri en heimasíður smærri íslenskra ferðaskipuleggjenda, sem selja ferðir og afþreyingu í gegnum eigin bókunarsíður.

Ferðaðjónustan hafði vaxið jafnt og þétt á síðasta áratug. Til marks um það má benda á að fjöldi ferðaskrifstofa fimmfaldaðist á milli ársins 2007, þegar þær voru 68 talsins, og ársins 2017 þegar þær voru orðnar 308 talsins. Ef teknar eru með bókunarsíður og ferðaskipuleggjendur voru fyrirtækin alls 1.011 árið 2017.⁴² Samkvæmt heimasíðu Ferðamálastofu eru 385 aðilar með ferðaskrifstofuleyfi í byrjun árs 2021⁴³ og 624 aðilar með leyfi sem ferðasali dagsferða⁴⁴, eða alls 1009 aðilar. Miðað við fréttatilkynningar á síðu Ferðamálastofu er heimasíðan og listi yfir leyfishafa uppfærður reglulega. Leyfi um 35 ferðaskrifstofa og ferðasala dagsferða hafa verið felld úr gildi á tímabilinu frá mars 2020 til febrúar 2021 þar sem rekstri hefur verið hætt eða félagið sem um ræðir hefur verið úrskurðað gjaldþrota. Þannig er ljóst að fjölmargir keppinautar eru á markaðnum og samrunaaðilar telja að samkeppnin muni taka við sér strax á þessu ári og ná fullum krafti á næstu tveimur árum.

Fjöldi keppinauta samrunaaðila sést bersýnilega á heimasíðunni ferdalag.is, sem er upplýsingabrunnur um ferðalög á Íslandi.⁴⁵ Samkvæmt leitarniðurstöðum fundust 160 leitarniðurstöður fyrir jeppa- og jöklaferðir, 78 niðurstöður fyrir bátsferðir, 45 niðurstöður fyrir vélsleða- og snjóbílaferðir, 49 niður-

⁴⁰ Sjá upplýsingar á síðu Hagstofu Íslands, aðgengilegt á:

<https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/ferdathjonusta/skammtimahagvisar-ferdathjonustu-i-mars-2020/> [Síðast sótt 2.4.2020]

⁴¹ Sjá frétt á síðu Ferðamálastofu, aðgengileg á: <https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/samkeppniseftirlitid-taki-starfsemi-booking-til-athugunar> [Síðast sótt 8.4.2020]

⁴² <https://kjarninn.is/skyring/2019-12-11-millilidir-i-ferdathjonustu-hafa-sott-i-sig-vedrid/>

⁴³ Sjá upplýsingar á síðu Ferðamálastofu, aðgengileg á: <https://www.ferdamalastofa.is/is/leyfi-og-loggjof/ferdaskrifstofur/utgefin-leyfi-ferdaskrifstofur> [Síðast sótt 3.2.2021]

⁴⁴ Sjá upplýsingar á síðu Ferðamálastofu, aðgengileg á: <https://www.ferdamalastofa.is/is/leyfi-og-loggjof/ferdasali-dagsferda/utgefin-leyfi> [Síðast sótt 3.2.2021]

⁴⁵ Sjá upplýsingar á síðu ferdalag.is [Síðast sótt 5.2.2021]

stöður fyrir hvalaskoðun og 23 niðurstöður fyrir ísklifur á landinu öllu. Ef leitað var sérstaklega eftir slíkum ferðum á Suðurlandi fundust 60 leitarniðurstöður fyrir jeppa- og jöklaferðir, 23 niðurstöður fyrir vélsleða- og snjóbílaferðir, og 15 fyrir ísklifur. Þá fundust 25 leitarniðurstöður fyrir bátsferðir á Norðurlandi og 16 niðurstöður fyrir hvalaskoðun. Þar af leiðandi er ljóst að viðskiptavinir samrunaaðila hafa nánast ótakmarkaða möguleika til að leita með viðskipti sín annað. Samrunaaðilar telja að staða þeirra á markaði sé langt frá því að vera sterk og vísa til þeirrar takmörkuðu markaðshlutdeildar sem þeir njóta, sbr. framangreind umfjöllun.

Þar sem samrunaaðilar hafa ekki aðgang að tekjuupplýsingum keppinauta á markaði fyrir heild- og smásölu skipulagðra ferða fyrir árið 2020 hafa þeir í viðleitni sinni við að áætla stærð aðila á markaði gert ráð fyrir að tekjur aðila á markaði hafi dregist hlutfallslega jafn mikið saman. Líkt og fram hefur komið telja samrunaaðilar að um tímabundið samdráttarástand sé að ræða og að gera megi ráð fyrir svo til óbreyttu landslagi rekstraraðila í ferðapjónustu þegar ferðamenn fara að streyma til landsins að nýju.

7.4 Keppinautar sem starfa á markaðnum

Um lista með nöfnum allra keppinauta sem starfa á markaðnum vísast til lista á heimasíðu Ferðamálastofu sem telur alla leyfishafa skv. lögum nr. 96/2018 um Ferðamálastofu.⁴⁶

Hér á eftir verður leitast við að gera grein fyrir nánustu keppinautum samrunaaðila á markaði fyrir heild- og smásölu skipulagðra ferða. Reynsla samkeppnisaðila er þó sú að staðganga sé á milli þeirrar þjónustu sem þeir veita og hending ráði því hvaða ferð verði fyrir valinu hjá ferðamönnum hverju sinni.

A. Ferðaskrifstofa Kynnisferða

Dagsferðir

Ferðaskrifstofa Kynnisferða telur sína nánustu keppinauta á markaði fyrir heild- og smásölu skipulagðra ferða vera önnur fyrirtæki sem bjóða upp á dagsferðir sem innihalda ýmist einungis skoðunarferð eða einnig aðra afþreyingu, sem jafnvel er framkvæmd á vegum þriðja aðila. Meðal þeirra eru Allrahanda GL ehf. („**AGL**“), Bus Travel Iceland ehf. („**BTI**“), og samstæða PAC1501 ehf. Innan hennar eru m.a. Reykjavík Sightseeing Invest ehf. („**RSS**“) og Hagvagnar ehf., sem eiga Hópbíla hf.

RSS og BTI eru með leyfi sem ferðasali dagsferða og selja allt að 24 tíma ferðir, sem innihalda skoðunarferðir, ásamt afþreyingarþjónustu sem önnur ferðapjónustufyrirtæki framkvæma. AGL og Hópbílar eru með ferðaskrifstofuleyfi og starfsemi þess nær til sölu ferða og þjónustu af ýmsu tagi hérlendis, þ.á m. smásölu á afþreyingarþjónustu sem aðrir framkvæma. Í júní 2020 óskaði AGL eftir greiðsluskjóli í samræmi við lög um tímabundnar heimildir til fjárhagslegrar endurskipulagningar. Í janúar 2021 staðfesti Landsréttur úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur um áframhaldandi heimild til greiðsluskjóls til 29. mars 2021.

Í neðangreindri töflu má sjá dæmi um samkeppnisaðila Ferðaskrifstofu Kynnisferða sem bjóða upp á ýmiskonar þjónustuleiðir, sem innihalda t.a.m. skipulagðar ferðir sem samanstanda af skoðunarferðum um vinsælar náttúruperlur og þjónustu aðila sem gera út jöklagöngur, ísklifur, vélsleðaferðir og köfunarferðir. Út frá framboðsstaðgöngu má ætla að aðilar líkt og Snæland Grímsson ehf., Guðmundur Jónasson ehf. og Teitur Jónasson ehf. geti hafið samkeppni í dagsferðum, en þessir aðilar virðast einkum bjóða upp á lengri skipulagðar ferðir sem stendur.

⁴⁶ Sjá heimasíðu Ferðamálastofu, www.ferdamalastofa.is

	Dagsferðir	Flugvallaakstur	Bláa Lónið	Sérhópar	Ferðaskrifstofa	Almenningssamgöngur	Bíllaleiga	Dráttarbílar
Nafn félags								
Allrahanda GL ehf.	X	X	X	X	X			X
PAC1501 ehf.	X			X	⁴⁷	X		
Bustravel ehf.	X				X			
Snæland Grímsson ehf.				X	X			
SBA - Norðurleið ehf.	X			X		X		
Guðmundur Jónasson ehf.				X	X			
Teitur Jónasson ehf.				X	X	X		
Airport Direct ehf.		X						
Guide to Iceland	X				X			

Umboðssala

Hluti af þeim dagsferðum sem Ferðaskrifstofa Kynnisferða selur inniheldur vörur og þjónustu annarra ferðaþjónustufyrirtækja og rennur sá hluti tekna fyrirtækisins því að mestu leyti til annarra fyrirtækja í ferðaþjónustu. Helstu keppinautar félagsins í rekstri slíks sölutorgs fyrir skipulagðar ferðir eru netsölu-fyrirtæki sem selja ferðir til erlendra ferðamanna. Mjög stór hluti afþreyingarferða hér á landi eru seldar í gegnum stórar alþjóðlegar bókunarskrifstofur, s.s. Booking.com, Expedia, TripAdvisor, getyourguide og Viator. Samkvæmt Ferðamálastofu bendir t.d. margt til þess að markaðshlutdeild booking.com sé yfir 50% hérlandis og fyrirtækið sé markaðsráðandi á markaði fyrir sölu gistingu, en það selur einnig skipulagðar ferðir til sinna viðskiptavina.⁴⁸ Samtala sölupóknunar Booking.com vegna gistinga hérlandis er talin nema um fimm milljörðum króna árlega, hið minnsta.⁴⁹ Samrunaaðilar telja að miklir fjármunir fari árlega úr landi til slíkra bókunaraðila í tengslum við sölu á skipulögðum ferðum, en vegna fjölda ferðaþjónustufyrirtækja og bókunaraðila er erfitt að áætla nákvæma fjárhæð.

Stærstu íslensku sölutorgin eru Guide to Iceland og Arctic Adventures⁵⁰ og veita þau Ferðaskrifstofu Kynnisferða mikinn samkeppnislegan þrýsting í smásölu skipulagðra ferða. Ferðaskrifstofa Kynnisferða er einnig í samkeppni um sölu á skipulögðum ferðum við alla þá aðila sem selja slíkar ferðir á eigin sölusíðum, svo sem Trölliferðir ehf., Midgard Adventure ehf. og Eldhesta ehf., en svo mætti lengi telja.

Ferðaskrifstofa Kynnisferða kaupir afþreyingu í heildsölu af fjölda fyrirtækja sem bjóða upp á margskonar afþreyingu fyrir ferðamenn. [Trúnaðarmál].

⁴⁷ Er með útgefið leyfi sem ferðasali dagsferða skv. lögum nr. 96/2018 um Ferðamálastofu.

⁴⁸ Sjá frétt á síðu Ferðamálastofu, aðgengileg á: <https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/samkeppniseftirlitid-taki-starfsemi-booking-til-athugunar> [Síðast sótt 8.4.2020]

⁴⁹ <https://kjarninn.is/skyring/2019-12-11-millilidir-i-ferdathjonustu-hafa-sott-i-sig-vedrid/>

⁵⁰ Arctic Adventures rekur vefina adventures.com og extremeiceland.is.

B. Arcanum

Arcanum telur sína keppinauta vera öll fyrirtæki sem bjóða ferðamönnum skipulagðar ferðir, hvort sem það er í formi skoðunarferða með hópbifreiðum, eða afþreyingar sem krefst frekari útiveru, líkt og dorgveiði, hestaferð eða annað. Markaðurinn er stór og telur fjöldann allan af fyrirtækjum og einyrkjum.

[Trúnaðarmál]. Nánustu keppinautar Arcanum eru önnur ferðapjónustufyrirtæki sem gera út vélsleða- og snjóbílaferðir, jeppa- og jöklaferðir og/eða ísklifur. Stærst eru Trölluferðir og samstæða Arctic Adventures, sem seldi 550 þúsund viðskiptavinum 60 tegundir ferða um land allt á árinu 2019.⁵¹ Í lok árs 2019 sameinaðist Arctic Adventures m.a. Into the Glacier ehf. en samanlögð velta samstæðu Arctic Adventures á árinu 2019 var um 7 milljarðar króna.⁵²

Einnig má nefna Midgard Adventure ehf., Southcoast Adventure ehf., Ice Explorers, Mountaineers of Iceland, Fallastakkur ehf. (Glacier Journey), JöklaJeppar ehf. (Glacier Jeeps), Glacier Adventures ehf., Superjeep ehf., Amazing Tours ehf., Discover ehf. og svo mætti lengi telja. Þá eru ótaldir einstaklingar sem selja þessa þjónustu í eigin nafni. Einnig má nefna að frjáls félagasamtök eins og Ferðafélag Íslands og Útivist selja sambærilegar ferðir og hafa á undanförunum árum útvíkkað starfsemi sína og selt ferðir á almennum markaði jafnt erlendum sem innlendum ferðalöngum.

C. Dive

Markaðshlutdeild Dive var óveruleg á markaði fyrir heild- og smásölu skipulegra ferða árið 2019. Samrunaaðilar hafa ekki upplýsingar um heildarveltu af sölu köfunarferða til ferðamanna hérlandis en benda á að velta Dive vegna slíkrar þjónustu var [Trúnaðarmál] á síðasta reikningsári, sem er óverulegt m.v. veltu íslenskra ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda árinu, sem var a.m.k. 78.675 milljónir króna.

Stærstur hluti starfsemi Dive fer fram í Silfru innan þjóðgarðsins á Þingvöllum. Árið 2019 kafaði 61.841 maður í Silfru. Dive telur að markaðshlutdeild aðila sem bjóða upp á köfunarferðir í Silfru skiptist með eftirfarandi hætti: [Trúnaðarmál].

Helstu keppinautar Dive bjóða upp á fjöldann allan af yfirborðs- og köfunarferðum, auk þurrgalla- og köfunarnámskeiða. Aðrir nánir keppinautar Dive eru fyrirtæki sem gera út hestaferðir, jöklaferðir, hvalaskoðanir og hellaskoðanir svo eitthvað sé nefnt.

7.5 Innflutningur

Á ekki við.

7.6 Staðbundin þjónusta

Á ekki við.

7.7 Samanburður á verði hérlandis og erlendis

Þegar hefur komið fram að Ísland er meðal dýrustu þjóða í heimi fyrir ferðamenn. Þrír þættir vega þar þyngst. Í fyrsta lagi er launakostnaður á Íslandi einn sá hæsti í heiminum og líklega stærsti einstaki kostnaðarliðurinn í rekstri allra afþreyingarfyrirtækja.

⁵¹ Viðtal við Styrmi Þór Bragason, forstjóra Arctic Adventures, aðgengilegt á: https://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2020/04/22/fellust_hendur_eftir_utsendinguna/

⁵² Ársreikningur samstæðunnar nær til Arctic Adventures hf., Straumhvarfs ehf., Magmadive ehf., Adventure hotels ehf. og Arctic Adventures UAB í Litháen allt árið 2019. Að auki inniheldur samstæðureikningurinn efnahagsreikninga Into The Glacier ehf., ITG Fasteigna ehf., Skútusiglinga ehf., Óbyggðaseturs ehf. og Welcome Entertainment ehf. þann 31.12.2019.

Í öðru lagi býr íslensk ferðaþjónusta við mikla gengisáhættu. Alla jafna eru 99,9% viðskiptavina erlendir. Greiði viðskiptavinur fyrir þjónustuna í íslenskum krónum ber hann gengisáhættuna. Hins vegar er það svo að vald stærstu endursöluaðilanna, þ.m.t. erlendra bókunarskrifstofa er slíkt að ekki er hægt að semja um annað en verð í erlendri mynt. Þar með er áhættan alfarið hjá íslensku ferðaskipuleggjendum. Í flestum tilfellum er samið um verð 12-24 mánuði fram í tímann og því hefur gengið oft sveiflast mikið. Varnir gegn sveiflum á gengi gjaldmiðla eru dýrar og því lítt notaðar innan atvinnugeirans, m.a. vegna smæðar fyrirtækjanna.

[Trúnaðarmál].

7.8 Lóðrétt samþætting

Ferðaskrifstofa Kynnisferða er eini aðilinn sem að samrunanum kemur sem kaupir ferðir í heildsölu og selur í smásölu. Um lóðréttu samþættingu helstu samkeppnisaðila Ferðaskrifstofu Kynnisferða vísast til kafla 7.4.

7.9 Sundurliðun á heildartekjum

[Trúnaðarmál].

7.10 Upplýsingar um helstu kostnaðarliði og kostnaðaruppbyggingu

Stærsti kostnaðarliður í rekstri ferðaskipuleggjenda og ferðaskrifstofa hérlandis eru laun og launatengd gjöld. Olíukostnaður og rekstur bifreiða vegur einnig þungt hjá hópbifreiðafyrirtækjum, líkt og Ferðaskrifstofu Kynnisferða, sem bjóða upp á skoðunarferðir og akstur til annarra ferðaþjónustufyrirtækja. Ferðaskrifstofur sem setja saman eigin ferðir og ferðir annarra kaupa skipulagðar ferðir í heildsölu og vegur sá kostnaður einnig þungt í rekstrinum.

KAFLI 8

ALMENN SKILYRÐI Á MÖRKUÐUM ÞAR SEM ÁHRIFA GÆTIR

Í þessum kafla er fjallað um almenn skilyrði á mörkuðum þar sem áhrifa kann að gæta. Þá eru einnig afhentar upplýsingar um tengiliði samrunaaðila hjá stærstu birgjum og viðskiptavinum þeirra. Kjósi Samkeppniseftirlitið að setja sig í samband við viðskiptavini eða birgja samrunaaðila í tengslum við rannsókn þess samruna sem hér er tilkynntur, óska samrunaaðilar eftir því að tengiliður þeirra fái upplýsingar um það samhliða vegna viðkvæms eðlis viðskiptasambanda og mikilvægi þessara sambanda í rekstri samrunaaðila.

8.1 Birgjar

[Trúnaðarmál].

8.2 Þjónustukerfi

Skipulagðar skoðunar- og afþreyingarferðir eru seldar á heimasíðum þeirra aðila sem gera þær út, heimasíðum ferðaskrifstofa sem setja saman eigin þjónustu og þjónustu annarra og síðum bókunarskrifstofa sem starfa sem milligönguaðilar en framkvæma þjónustuna ekki sjálfir.

Líkt og gert hefur verið grein fyrir hafa alþjóðlegar bókunarsíður sífellt meira vægi fyrir markaðssetningu og sölu á skipulögðum ferðum til ferðamanna hérlandis. [Trúnaðarmál].

8.3 Heildarafkastageta

A. Ferðaskrifstofa Kynnisferða

Samrunaaðilar hafa ekki aðgang að nægilega ítarlegum upplýsingum til að áætla heildarafkastagetu markaðar fyrir heild- og smásölu skipulagðra ferða, til að mynda má nefna að allur bifreiðafjöldi ferðþjónustufyrirtækis er aldrei í notkun samtímis. [Trúnaðarmál].

8.4 Aðrir þættir framboðs

[Á ekki við]

8.5 Helstu viðskiptavinir í heildsölu

[Trúnaðarmál].

8.6 Eftirspurn

Rekstraraðilum sem bjóða upp á skipulagðar dagsferðir um Gullna hringinn og aðra vinsæla staði fjölgaði mikið á síðustu árum. T.a.m. voru yfir 50 aðilar sem buðu upp á skoðunarferðir um Gullna hringinn árið 2019. Vöruaðgreining milli fyrirtækja er mjög lítil og snýr einkum að stærð þeirra bifreiða sem ferðast er með. Fyrir útbreiðslu heimsfaraldurs Covid-19 var markaðurinn mettaður og bílaleigur voru farnar að auka hlutdeild sína á kostnað fyrirtækja sem hafa með höndum rekstur hópþingferða, enda hækkandi launakostnaður farinn að hafa sitt að segja í samkeppnishæfni hópþingferðafyrirtækja. Því telja samrunaaðilar að samkeppni verði mikil á þessum hluta markaðarins þegar áhrif heimsfaraldurs Covid-19 dvína. Bæði á milli hópþingferðafyrirtækja innbyrðis og milli hópþingferðafyrirtækja og bílaleiga. [Trúnaðarmál].

Vörumerkjatryggð er lítil sem engin á markaði fyrir skipulagðar ferðir. Neytendur leita á bókunar- og leitarsíðum eftir þeirri afþreyingu og þeim áfangastöðum sem þeir vilja heimsækja. Þar birtist mikið úrval dagsferða frá mörgum mismunandi rekstraraðilum, en gæfuríkt samstarf við alþjóðlegar bókunarskrifstofur ræðst einkum af samkeppnishæfum verðum og þóknunum, en einnig að minna leyti af umsögnum frá viðskiptavinum.

Neytendur eiga almennt viðskipti við marga þjónustuaðila í einni Íslandsferð. Þeir handvelja þá afþreyingu og þær skoðunarferðir sem henta þeirra þörfum og spilar verðlagning einstaka rekstararaðila þar stærstan þátt.

Viðskiptavinum á markaðnum má skipta í eftirfarandi flokka: i) neytendur, ii) ferðaskrifstofur og iii) flugfélög. Dæmigerður neytandi kaupir sína ferð beint af ferðaskipuleggjendum eða milligönguaðilum, líkt og ferðaskrifstofum eða bókunarskrifstofum. Ferðaskrifstofurnar eru flestar erlend fyrirtæki, líkt og Gate 1 Travel og Collette Tours, sem selja pakkaferðir til Íslands. Þá kaupir Íslendingar ferðir af aðilum sem bjóða upp á skoðunarferðir og aðra afþreyingu.

8.7 Nýir aðilar á markaði

Fjöldmörg fyrirtæki hófu samkeppni á síðastliðnum fimm árum á markaði fyrir skipulagðar ferðir. Innkoma Hidden Iceland var sterk. Fyrirtækið var stofnað í ágúst 2017 og velti 87 milljónum á sínu fyrsta rekstrarári og 180 milljónum ári síðar. Þá hefur Trölliferðum gengið einstaklega vel en félagið hóf starfsemi árið 2016 og tekjur þess námu 2,2 milljörðum króna árið 2019, 966 milljónum árið 2018 og 431 milljónum árið 2017. Vöruúrval félagsins er breytt, en það gerir m.a. út jökla-, jeppa- og köfunarferðir. Samstarf Trölliferða og helsta sölutorgsins hérlandis, Guide to Iceland, hefur verið töluvert síðustu ár, og hefur Trölliferðir m.a. starfrækt ferðir fyrir Guide to Iceland. [Trúnaðarmál]. Dive bendir

á að samkeppnisaðilum sem bjóða upp á köfunarferðir í Silfru hefur fjölgað úr tveimur árið 2010 til sex árið 2021, en þeir voru níu þegar mest á lét.

Fjöldi þeirra fyrirtækja sem náð hafa árangri á skilgreindum mörkuðum þessa máls er að mati samrunaaðila skýrt merki þess að aðgangshindranir séu takmarkaðar, sbr. nánari umfjöllun í kafa 8.9.

8.8 Erlend fyrirtæki

Það vísast til umfjöllunar í köflum 6 og 7 varðandi erlend bókunarfyrirtæki.

Vinnumálastofnun og Samtök aðila í ferðaþjónustu (hér eftir einnig „SAF“) hafa bent á að erlend ferðaþjónustufyrirtæki starfi hér á landi án tilskilinna leyfa. Hópbifreiðastjórar sem aka um landið á vegum erlendra fyrirtækja fá lægri laun en íslenskir bílstjórar og skekkja samkeppnisstöðuna hérlendis. SAF hefur bent á að þessi brotastarfsemi geti leitt til þess að íslensk ferðaþjónustufyrirtæki neyðist til að flytja hluta af sinni starfsemi úr landi til að lækka launakostnað.⁵³

8.9 Aðgangur að mörkuðum

Varðandi aðgengi nýrra aðila að markaðnum má af hinni miklu og hröðu fjölgun í flokkum ferðaskrifstofu- og ferðaskipuleggjendafyrirtækja á árunum frá 2007-2019 ráða að afar litlar aðgangshindranir séu á þeim markaði þar sem aðalstarfsemi samrunaaðila fer fram.

Samkvæmt lögum nr. 96/2018 um Ferðamálastofu skal hver sá sem hyggst starfa sem ferðaskrifstofa eða ferðasali dagsferða hafa til þess leyfi Ferðamálastofu. Skilyrðin er almennt einfalt að uppfylla en það er helst skilyrði um ábyrgðartryggingu sem getur virkað sem aðgangshindrun, sbr. ákvæði d. liður 2. mgr. 8. gr. laganna. Útgefið leyfi er ótímabundið og leyfisgjöldin nema kr. 30.000 fyrir ferðaskrifstofur og kr. 20.000 fyrir ferðasala dagsferða.

Flest ferðaþjónustufyrirtæki stunda farþegaflutninga að einhverju leyti. Til þess þarf leyfi frá Samgöngu- stofu, sbr. reglugerð nr. 474/2017. Skilyrði rekstarleyfis snúa að fjárhagsstöðu, orðspori, starfshæfni og virkri starfsstöð. Þá hefur aðgangur að lánsfé til kaupa á hópbifreiðum verið góður undanfarin ár og lánshlutfall hátt.

Með tilkomu vefsölu er einfalt að koma sér upp sölusíðu og tengjast inn á sölutorg sem sjá um markaðssetningu. Í dæmaskyni má nefna ímyndaða ferðaskrifstofu sem sett var upp á kínversku. Á innan við mánuði höfðu yfir 100 manns bókað sig í ferðir sem enginn fótur var fyrir. Viðskiptavinurinn hafði ekki haft fyrir því að skoða hvort ferðaskrifstofan væri í raun og veru til. Ferðirnar voru svo keyptar af ferðaskrifstofum sem voru í rekstri og síðunni lokað enda stóð ekki til starfrækja hana í þessari mynd. Þetta segir mikið til um hversu auðvelt það hefur verið með réttu vefviðmóti og myndefni að selja að ferðir í gegnum vefsíður.

Aðgangshindranir í skipulögðum fjalla- og jöklaferðum eru harla litlar. Töluvert er um einyrkja sem eru búnir að koma sér upp aðstöðu til að bjóða slíka þjónustu, en það eru einnig dæmi um aðila sem kaupa þjónustuna af stærri aðilum og selja áfram til ferðamanna. Margir hverjir hafa komið sér upp aðstöðu í bifreiðum eða kerrum sem lagðar eru á vinsælum ferðamannstöðum. Þar er tekið á móti viðskiptavinum og jafnvel helstu tæki og tól geymd.

⁵³ Sjá frétt á visi.is frá júlí 2019, aðgengileg á:

https://www.visi.is/g/2019190719385?fb_comment_id=2298143783610261_2298235213601118

Aðgangur þjónustuaðila að Sólheima-, Mýrdals-, Vatna- og Langjökli hefur verið nær ótakmarkaður til þessa. Nýverið var komið á kvótakerfi á fimm svæðum innan Vatnajökulspjóðgarðs, þ.e. sett eru takmörk á þann fjölda gesta sem hleypa má inn á svæðið í skipulögðum ferðum og þessum kvóta síðan skipt milli fyrirtækja. Takmarkanirnar voru þessar: Breiðamerkurjökull austur 650 manns, á Breiðamerkurjökull vestur 650 manns, á Fallisjökull 1.000 manns, á Skeiðarárjökull 500 manns og Skálafellsjökull 500 manns. Starfsemi á Sólheimajökli er þó enn með sama sniði og áður.⁵⁴ Kvótakerfið er, að sögn þjóðgarðsins, þróunarverkefni og af þeim sökum voru samningar aðeins gerðir til eins árs, frá 1. október 2020 til 30. september 2021. Í janúar 2021 var þó ákveðið að fella niður ákvæði um fjöldatakmarkanir með vísan til yfirstandandi heimsfaraldurs Covid-19.

Til þess að geta veitt þjónustu sem snýr að köfun og yfirborðsköfun þarf leiðsögumaður að hafa skírteini útgefið af Samgöngustofu, sbr. lög um köfun nr. 81/2018. Rekstraraðilar þurfa að fylgja reglum og fyrirmælum um köfun í Silfru og greiða þar gestagjöld. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum stýrir aðgangi og sér til þess að gestir séu ekki of margir hverju sinni, þ.e. fjórir við köfun og átta við yfirborðsköfun í Silfru, sbr. fyrirmæli vegna köfunar og yfirborðsköfunar í þjóðgarðinum á Þingvöllum nr. 165/2013.

8.10 Rannsóknir og þróun

Á ekki við.

8.11 Samstarfssamningar

Lóðréttir samstarfssamningar eru algengir á markaði fyrir skipulagðar ferðir. Ferðaþjónustufyrirtæki gera sölusamninga við innlendar og erlendar ferðaskrifstofur, sem setja saman pakkaferðir, og erlend bókunarfyrirtæki sem auglýsa og selja þjónustu viðkomandi á sinni síðu. Oft á tíðum eru ekki gerðir formlegir samningar um heildsölu skipulagðra ferða og viðskiptin því afgreidd með óformlegum hætti.

8.12 Mikilvægustu samstarfssamningar

A. Ferðaskrifstofa Kynnisferða

Líkt og fram kom í kafla 7.4. kaupir Ferðaskrifstofa Kynnisferða afþreyingu í heildsölu af fjölda ferðaþjónustufyrirtækja. [Trúnaðarmál].

B. Arcanum

[Trúnaðarmál].

8.13 Atvinnugreinasamtök

Ferðaskrifstofa Kynnisferða, Arcanum og Dive eru aðilar að Samtökum ferðaþjónustunnar.

⁵⁴ sbr. þó frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð, sem gerir ráð fyrir svipuðum leyfisveitingum og á suðursvæði Vatnajökulspjóðgarðs.

KAFLI 9

ÁHRIF Á NEYTENDUR OG MILLILIÐI

Áhrif samrunans á neytendur munu koma fram í auknu framboði og lægri verðum. [Trúnaðarmál].

Samrunaaðilar telja að samruninn muni ekki hafa neikvæð áhrif á neytendur. Ástæðan er fyrst og fremst sú að vöruframboð mun ekki minnka í kjölfar samrunans eða verð hækka, líkt og hættan væri ef skörun á starfsemi þeirra varðaði nákvæmlega sömu þjónustu. Langstærstur hluti af veltu Ferðaskrifstofu Kynnisferða á markaði fyrir heild- og smásölu skipulagðra ferða má rekja til akstursþjónustu, þ.e. aksturs að helstu náttúruperlum landsins annars vegar, og aksturs til hinna fjölmörgu fyrirtækja sem sinna sérhæfðum ferðum hins vegar. Við veitingu slíkrar þjónustu nýtir félagið rútukost sinn og menntaða leiðsögumenn. Veltu Arcanum, Dive og Norðursiglingar má aftur á móti rekja til ólíkra tegunda af skipulögðum ferðum sem þarfnast sérfræðiþekkingar og mismunandi tækja og tóla, s.s. vélsleða, ísöxi, köfunarbúnaðar, hvalaskoðunarskips og svo mætti áfram telja. Þannig er ljóst að þótt staðgangi sé á milli þeirrar þjónustu sem samrunaaðilar veita ferðamönnum þá gerir enginn þeirra nákvæmlega það sama. Samruninn mun því fyrst og fremst nýtast til samlegðaráhrifa, þ.e. betur rekinna fyrirtækja sem geta boðið samkeppnishæft verð.

Af framangreindu telja samrunaaðilar ljóst að skörun í starfsemi samstæðu Kynnisferða og Eldeyjarfélaganna sé ekki til þess fallin að raska samkeppni. Í samrunanum felst breyting á eignarhaldi nokkurra ferðaþjónustufyrirtækja en þau munu ekki renna saman í eina lögpersónu heldur stendur til að reka þau óbreytt áfram sem dótturfélög BBL. Markaðshlutdeild samrunaaðila mun ekki taka neinum áþreifanlegum breytingum vegna samrunans, og samruninn mun hvorki veikja stöðu annarra markaðsaðila né hafa í för með sér skaðleg áhrif á samkeppni. Samrunaaðilar telja að hann muni fyrst og fremst leiða af sér hagkvæmni [Trúnaðarmál].

Aðilar sem skipuleggja ferðir hérlandis eru ótal margir og erfitt fyrir einhvern einn að skapa sér sérstöðu og vinna markaðshlutdeild fram yfir aðra. Tími erlendra ferðmanna hér á landi er í flestum tilfellum takmarkaður og sýnileiki á netinu hefur meira að segja en nokkuð annað í samkeppni á markaðnum. Ferðamenn hafa marga kosti á afþreyingu á meðan á dvöl þeirra hér stendur og samruninn fjarlægir ekki mikilvægt samkeppnislegt aðhald. Það er ekki vandkvæðum háð að fá ferðaskrifstofuleyfi frá Ferðamálastofu og það hefur sýnt sig og sannað á síðustu árum að aðgangur að ferðaþjónustumarkaðnum er mjög opinn, sbr. til dæmis velgengni Tröllafeið ehf., sem skapað hefur sér sess framarlega í flokki aðila innan ferðaþjónustunnar þótt stutt sé frá stofnun félagsins. Því má ætla að auðvelt verði fyrir nýja aðila að hefja rekstur þegar ferðamenn fara streyma til landsins að nýju.

Með vísan til framangreinds telja samrunaaðilar að sameiginleg yfirráð Alfa, SF VII og Eldeyjar HoldCo á Eldey, Kynnisferðum og dótturfélögum þeirra feli ekki í sér samkeppnislega samþjöppun sem hefur skaðleg áhrif á samkeppni á viðkomandi mörkuðum eða valdi röskun á samkeppni með neinum hætti. Telja samrunaaðilar því að ekki séu forsendur til íhlutunar Samkeppniseftirlitsins vegna samrunans.

KAFLI 10

YFIRLÝSING

Forsvarsmenn Alfa, SF VII, Eldeyjar HoldCo, Kynnisferða, Eldeyjar og dótturfélaga þeirra, hver um sig lýsa því yfir að upplýsingar, sem veittar eru í tilkynningu þessari, eru sannar, réttar og fullnægjandi samkvæmt bestu vitund, að óstytt afrit af skjölum, sem krafist er í skránni, fylgja með, að allt mat er tilgreint sem slíkt og sett fram samkvæmt bestu vitund og vitneskju um staðreyndir málsins og þar sem

álit er látið í ljós er það gert í góðri trú. Forsvarsmenn félaganna hafa kynnt sér ákvæði 41. gr. b. samkeppnislaga.

Er þess sérstaklega óskað að meðferð málsins verði hraðað eins og mögulega er kostur.

KAFLI 11

FYLGISKIÐL

Samrunaskrá þessari fylgja neðangreind skjöl:

1. Kaupsamningur um kaup BBL 144 ehf. á Eldey TLH hf., dags. 16. desember 2020;
2. Kaupsamningur um kaup BBL 144 ehf. á Kynnisferðum ehf. og dótturfélögum, dags. 16. desember 2020;
3. Samkomulag um helstu skilmála kaupsamnings og einkaviðræður dags. 27. mars 2020;
4. Samþykkt drög að hluthafasamkomulagi, dags. 16. desember 2020;
5. Myndræn uppbygging samstæðu Eldeyjar fyrir uppgjör viðskipta;
6. Myndræn uppbygging samstæðu Kynnisferða fyrir uppgjör viðskipta;
7. Ársreikningur Alfa hf. vegna rekstarársins 2018;
8. Ársreikningur Alfa hf. vegna rekstarársins 2019;
9. Ársreikningur SF VII ehf. vegna rekstrarársins 2018;
10. Ársreikningur SF VII ehf. vegna rekstrarársins 2019;
11. Ársreikningur Eldey TLH hf. vegna rekstrarársins 2018;
12. Ársreikningur Eldey TLH hf. vegna rekstrarársins 2019;
13. Ársreikningur samstæðu Kynnisferða ehf. vegna rekstrarársins 2018;
14. Ársreikningur samstæðu Kynnisferða ehf. vegna rekstrarársins 2019;
15. Ársreikningar Arcanum Fjallaleiðsögumanna ehf. 2018;
16. Ársreikningar Arcanum Fjallaleiðsögumanna ehf. 2019;
17. Ársreikningur Loðmundur landeigendafélags ehf. 2018;
18. Ársreikningur Loðmundur landeigendafélags ehf. 2019;
19. Ársreikningur Logakórs ehf. 2018;
20. Ársreikningur Logakórs ehf. 2019;
21. Ársreikningar Sportköfunarskólans ehf. 2018;
22. Ársreikningar Sportköfunarskólans ehf. 2019;
23. Ársreikningar Basecamp ehf. 2018;
24. Ársreikningar Basecamp ehf. 2019;

25. Ársreikningar Norðursiglingar hf. 2018;
26. Ársreikningar Norðursiglingar hf. 2019;
27. Fundargerð stjórnar Arcanum 8. apríl 2020;
28. Fundargerð stjórnar Arcanum 20. apríl 2020;
29. Fundargerð stjórnar Arcanum 27. maí 2020;
30. Fundargerð stjórnar Arcanum 11. ágúst 2020;
31. Fundargerð stjórnar Arcanum 15. september 2020;
32. Fundargerð stjórnar Arcanum 13. október 2020;
33. Fundargerð stjórnar Dive 18. febrúar 2020;
34. Fundargerð stjórnar Dive 24. mars 2020;
35. Fundargerð stjórnar Dive 1. júlí 2020;
36. Fundargerð stjórnar Logakórs 29. apríl 2020;
37. Fundargerð stjórnar Logakórs 13. október 2020;
38. Fundargerð stjórnar Logakórs 10. nóvember 2020;
39. Fundargerð stjórnar Logakórs 8. desember 2020;
40. Eldey – kynning samruni við Kynnisferðir maí 2020;
41. Kynnisferðir – kynning samruni við Eldey mars 2020;
42. Samningur Arcanum og Iceland Travel;
43. Samningur Arcanum og National Geographics Partners Chicago;
44. Umboð;
45. Afrit af samrunatilkynningu og fylgiskjölum án trúnaðarupplýsinga;
46. Afrit af samrunatilkynningu og fylgiskjölum á stafrænu læsilegu formi;
47. Afrit af kvittun fyrir greiðslu samrunagjalds.

VIÐAUKI 1
UPPLÝSINGAR UM FYRIRTÆKI UNDIR YFIRRAÐUM SAMRUNAADILA

Alfa hf.

- (a) Tékkland ehf., kt. 630909-1200, með lögheimili að Borgartúni 24, 105 Reykjavík.
- (a) Bifreiðaskoðun Íslands ehf., kt. 430491-1649, með lögheimili að Borgartúni 24, 105 Reykjavík.
- (b) Tékkland Bifreiðarskoðun ehf., kt. 580609-0230, með lögheimili að Hátúni 2a, 105 Reykjavík.

Eldey TLH hf.

- (a) Eldeyjarfélögin (eins og þau eru skilgreind í samrunatilkynningu þessari).
- (b) Norðursigling hf. (43,2% hlutur).

Kynnisferðir ehf.

- (a) Bílaleiga Kynnisferða ehf., kt. 611298-3239, með lögheimili að Klettagörðum 12, 104 Reykjavík.
- (b) Ferðaskrifstofa Kynnisferða ehf., kt. 560269-3829, með lögheimili að Klettagörðum 12, 104 Reykjavík.
- (c) Almenningsvagnar Kynnisferða ehf., kt. 631299-2379, með lögheimili að Klettagörðum 12, 104 Reykjavík.
- (d) Hópbifreiðar Kynnisferða ehf., kt. 620372-0489, með lögheimili að Klettagörðum 12, 104 Reykjavík.
- (e) Garðaklettur ehf., kt. 440204-3760, með lögheimili að Klettagörðum 12, 104 Reykjavík.
- (f) Klettagarðar 12 ehf., kt. 620310-1070, með lögheimili að Klettagörðum 12, 104 Reykjavík.
- (g) Umferðarmiðstöðin ehf., kt. 491109-1060, með lögheimili að Klettagörðum 12, 104 Reykjavík. Engin starfsemi er í félaginu.

Logakór ehf.

- (a) Loðmundur landeigendafélag ehf., kt. 440816-0450, með lögheimili að Ytri-Sólheimum 1, 871 Vík. Tilgangur félagsins er leiga á landi og landréttindum.

Dive

- (a) Basecamp Iceland ehf., kt. 620371-0689, með lögheimili að Helluhrauni 4, 220 Hafnarfirði. Tilgangur félagsins er bókunarþjónusta og önnur starfsemi tengd ferðaþjónustu.

Reykjavík, ____ febrúar 2021

Virðingarfyllst,

f.h. samrunaaðila

Einar Baldvin Árnason, lögmaður